

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 23. febrúar 2017 R17020091

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010031	Fundargerð 154. fundar stjórnar Faxaflóahafna, 10. febrúar 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar
R17010024	Fundargerð 74. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, 10. febrúar 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar
R17010024	Fundargerð 73. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins,	Send borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17020076	Til umsagnar 84. mál frá nefndasviði Alþingis: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingargjald.	Sent fjármálaskrifstofu og velferðarsviði til meðferðar.
R15020047	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 9.2.'17, um hugsanlega kostnað við ferjurekstur á Faxaflóa og bátastrætós.	Send skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17020083	Til umsagnar 128. mál frá nefndasviði Alþingis: Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmaflutninga	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17010233	Tölfræði afbrota fyrir janúarmánuð 2017	Send borgarfulltrúum til kynningar.
R17020106	Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17020121	Beiðni um kaup á auglýsingu í páskablaði Samhjalpar.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: upplýsingafulltrúa, til meðferðar.
R17020105	Beiðni Norræna hússins um kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í framkvæmdum við endurbætur á lóð hússins.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17010137	Erindi SVP og SSSK varðandi sjálfstætt starfandi leikskóla. dags. 9.1.'17.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R16120110	Erindi Nichole Leigh Mosty, dags. 21.12.'16, vegna beiðni um launalaust leyfi.	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R16070008	Bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 17.2.'17, vegna kaupa á 8 nýjum rýmum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R17020163	Bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 20.2.'17, um stöðugildi fyrir unga innflytjendur.	Sent starfsmannastjóra til umsagnar.
R17020167	Bréf Light It Up Blue, dags. 14.2.'17, varðandi dag einhverfu.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R17020065	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölgun lóða í Úlfarsárdal, dags. 8.2.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020066	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um lagningu sparkvalla við grunnskóla, dags. 8.2.'17.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17020022	Erindi þróunar og ráðgjafar, dags. 31.1.'17, varðandi nýjan viðlegukant austan Hörpu.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020034	Erindi Íslenska gámafélagsins, dags. 14.2.'17, varðandi fyrirkomulag sorphirðu.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R16040164	Erindi Arneyjar Einarsdóttur og Gísla Gíslasonar, dags. 16.2.'17, varðandi	Sent borgarlögmanni til umsagnar.

	hiðurfellingu viðbótargatnagerðargjalda.	
R11060102	Bréf SSH, dags. 16.2.'17, varðandi breytingu á aðalskipulagi - Elliðaárdalur, hjólastígur.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.

Fundur nr. 154

Ár 2017, föstudaginn 10. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Ólafur Adolfsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal

Varafulltrúi: Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúar:

Sigríður Bergmann

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Innri endurskoðun. Viðræður við formann Endurskoðunarnefndar Reykjavíkur, Ólaf Kristinsson og fulltrúa í endurskoðunarnefnd, Ingu Björgu Hjaltadóttur.
Fulltrúar endurskoðunarnefndar fóru yfir ýmis atriði varðandi hlutverk endurskoðunarnefnda og innri endurskoðunar. Þá var farið yfir umsögn endurskoðunarnefndar um verðkönnun innri endurskoðun. Hafnarstjórn samþykkir að semja við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um innri endurskoðun.
2. Uppgjör vegna ársins 2016.
Hafnarstjóri gerð grein fyrir áætlaðri niðurstöðu ársins 2016, en ársreikningur varður lagður fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.
3. Tillaga að endurskoðaðri umhverfisstefnu fyrir Faxaflóahafnir sf.
Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.
4. Tillögur Yrkis að rými, gönguleiðum, þjónustureitum o.fl. frá Austurbakka að Vesturbugt.
Hafnarstjórn samþykkir að fela hafnarstjóra að láta vinna drög að deiliskipulagi sem byggja á fyrirbyggjandi hugmyndum Yrkis. Samhliða því verði lögð drög að hönnun húsa, annars vegar við Ægisgarð vegna þjónustu við hafsækna ferðaþjónustu og hins vegar fjölnota þjónustuhús á Miðbakka. Tillögurnar verði lagðar fyrir hafnarstjórn ásamt tillögu að farþegagjaldi, sem samþykkt hefur verið að verði tekið upp þann 1. janúar 2018.
5. Skipulagsmál:
 - a. Bréf Guðna Pálssonar arkitekts dags. 13.9.2016 vegna lóðarstæðir og byggingarmagn á Fiskislóð 45. Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins dags. 4.1.2017. Tölvupóstur frá Bjarna Kjartanssyni hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins dags. 7.2.2017.



Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við að nýtingarhlutfall lóðarinnar Fiskislóð 45 verð hækkað úr 0,55 í 0,65 þannig að unnt sé að ljúka álitafnum gagnvart byggingafulltrúa. Lóðarhafi skal útbúa nauðsynleg gögn og leggja fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, en minnt er á athugasemd frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um að búseta eða sala skammtímagistingar í húsinu er óheimil. ÓA vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

b. Drög að deiliskipulagi lóðarinnar Klettagarðar 27.
Hafnarstjórn samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

c. Fyrirspurn eigenda Grandagarðs 1-13 um skipulag lóða og nágrennis, dags. 30.1.2017.

Lagt fram.

d. Tillaga að breytingu aðalskipulags á Akranesi.
Lagt fram.

e. Viti við Sæbraut - nýjar tillögur að útliti og umhverfi.
Kynntar tillögur Yrkis að umhverfi vita við Sæbraut. Hafnarstjórn óskar eftir því að umhverfis- og skipulagsráð ljúki gerð deiliskipulags vegna insiglingarvita við Sæbraut sem fyrst.

6. Hafnarhúsið - skipulag og hugmynd að aðgerðum.
Kynntar fyrstu hugmyndir VA arkitekta að breytingum á efri hæðum Hafnarhússins.

7. 100 ára afmæli - drög að áætlun viðburða.
Lagt fram.

8. Minnisblað hafnarstjóra og skipulagsfulltrúa dags. 2.2.2017 varðandi fyrirkomulag samkeppni um þátt kvenna í starfsemi Gömlu hafnarinnar.
Hafnarstjórn samþykkir að fela hafnarstjóra að undirbúa samkeppni um listaverk sem minni á þátt kvenna í starfsemi Gömlu hafnarinnar. Miðað verði við að samkeppnin verði lokuð samkeppni með forvali samkvæmt reglum SÍM.

9. Drög að breytingu á samkomulagi Faxaflóahafna sf. og Landsnets frá 14.5.2012 vegna breytingar á deiliskipulagi lóðar Landsnets.
Hafnarstjórn heimilar hafnarstjóra að undirrita samkomulagið.

10. Forkaupsréttarmál:

a. Erindi Híbýli fasteignasölu dags. 19. janúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta í Klettagörpum 6 fastanr. 227-2444. Kaupandi Módelhús ehf., kt. 490200-2580. Seljandi Efnissala G.E. Jóhannessonar hf. kt. 590984-0869.
Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti, enda verði starfsemi í samræmi við skipulag og lóðarleigusamning.

b. Fyrirspur Línbergs ehf. dags. 31. Janúar 2017, varðandi félagiform, breytinga til einföldunar og sameiningu félaga.
Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við nafnabreytingu á eignarhaldi fasteigna og lóða við Fiskislóð 19-32 og framsal samkomulags um lóðamál með því skilyrði að eigendur sú hinir sömu og að Faxaflóahöfnum sf. Formlegt erindi verði sent ákveðið hefur verið að breytingin muni eiga sér. ÓA vék af fundi.


11. Önnur mál.


a. Leiga rýma í verbúð við Geirsgötu.
Samþykkt að fela hafnarstjóra að auglýsa rýmið til leigu.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10:45


Sigurður Brynir Blouel

Forbæringsgjafi.


~~Sigrún Magnúsdóttir~~


Auður Svav

Jónína Beckmann
Sigrún Ríkis
Jón Þorvaldurson
Óli Ólafsson



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

74. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 10. febrúar 2017 kl. 13:00 á skrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 16, Reykjavík.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Eva Lín Vilhjálmsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Halldór Halldórsson og Borghildur Sturludóttir boðuðu forföll.

Ennfremur sátu fundinn fagrað svæðisskipulagsnefndar:

Haraldur Sigurðsson Reykjavík

Birgir H. Sigurðsson Kópavogi

Gunnþóra Guðmundsdóttir Hafnarfirði

Arinbjörn Vilhjálmsson Garðabæ

Ólafur Melsted Mosfellsbæ

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Borgarlína / málsnr. 1510007**

Fulltrúar COWI greina frá helstu niðurstöðum framvinduskýrslunnar sinnar og næstu skrefum við mótnun tillagna að legu Borgarlínu.

Verkefnisáætlun um val á samgönguásum og leiðum er gerð á grunni samkomulags SSH og Vegagerðarinnar. Ráðgjafar COWI mun leiða verkefnið faglega en vinnuhópar með fulltrúum allra sveitarfélaga, Strætó bs. og Vegagerðarinnar. Niðurstöður vinnunar verða grunnur að skipulagsbreytingum sveitarfélganna.

Fyrsti fundur vinnuhópa var 9. febrúar. Á þeim fundi var unnið með samgönguása sem metnir verða ásamt viðmiðum sem verða höfð til hliðsjónar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar áfangaskýrslu COWI. Mikilvægt er að vel takist til um val á legu Borgarlínu. Borgarlínan mun létta á umferðinni og tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu betur saman.

2. Breyting á svæðisskipulagi, Borgarlína / málsnr. 1702003

Verkefnislýsing svæðisskipulagsbreytinga sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga lögð fram til afgreiðslu. Sameiginleg verkefnislýsing fyrir aðalskipulagsbreytingar lögð fram til kynningar.

Um er að ræða fyrstu breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040. Verkefnislýsingin er gerð á grunni samkomulags sveitarfélaganna um samkomulag um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningsamgangna (Borgarlínu) á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulagið gerir ráð fyrir að skipulagsvinnan verði kláruð á árinu 2017.

Með skipulagsbreytingunni er verið að fylgja eftir stefnu svæðisskipulagsins en þar segir m.a. í aðgerð 2.2.1 „Lega samgöngu- og þróunaráss og uppbygging hans skal bundin í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins þegar hún liggur fyrir með breytingu eða endurskoðun sbr. töflu 3. Sveitarfélögin innleiða jafnframt samgöngu- og þróunarás í aðalskipulagsáætlanir.“

Hér er því ekki verið að breyta stefnu svæðisskipulagsins, heldur felst breytingin í að festa í sessi legu samgönguása Borgarlínu, ákveðin skipulagsákvæði og vinna að sameiginlegri útfærslu Borgarlínu og þróunarsvæða sem bundin verður í svæðisskipulagi og og útfærð í aðalskipulagsáætlunum. Verkefnið er heildstætt og unnið samhliða fyrir bæði skipulagsstigin en mun birtast í misjafnri nákvæmni á hvoru skipulagsstigi. Í svæðisskipulagi eru samgönguásar skilgreindir en í aðalskipulagi verður lega/lína Borgarlínu útfærð nánar.

Verkefnið er einstakt. Í fyrsta sinn í íslenskri skipulagssögu sem hágæða kerfi almenningsamgagna er bundið í skipulag og áhrif þess metin sérstaklega. Einnig í fyrsta sinn sem farið er með samhliða aðalskipulagsbreytingar í sex sveitarfélögum hér á höfuðborgarsvæðinu. Fagráð svæðisskipulagsnefndar hefur komið að gerð verkefnislýsingar og notið leiðsagnar Skipulagsstofnunar. Matslýsing hefur verið í höndun Verkfræðistofunnar VSÓ sem mun halda utan um umhverfismatsferlið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir verkefnislýsinguna og leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða hana til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur sveitarfélögin til að samþykkja verkefnislýsingu aðalskipulagsbreytinga á sama tíma. Mikilvægt er að sveitarfélögin dragi það ekki að afgreiða málið. Svæðisskipulagsstjóra er falið að fylgja málinu eftir með fundum í skipulagsnefndum sveitarfélaga.

3. Kjósarhreppur, endurskoðun aðalskipulags / málsnr. 1702001

Lýsing að skipulagsverkefni aðalskipulag Kjósarhrepps 2016-2028 sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags sem mun marka stefnu sveitarfélagsins til 12 ára. Meðal viðfangsefna

er að flokka landbúnaðarland og sú niðurstaða lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Kjósarhreppur er eina dreifbýlissveitarfélagið innan höfuðborgarsvæðisins. Allt land sveitarfélagsins er utan skilgreindra vaxtarmarka þéttbýlis. Þessi sérstaða gerir hlutverk Kjósarhepps sem leiðandi í landbúnaðarmálum mikilvægt. Í stefnu svæðisskipulagsins Höfuðborgarsvæðið 2040 er sveitarfélögum ætlað að safna saman upplýsingum um landbúnaðarsvæði og áætlanir þeim tengdum og útfæra stefnu í aðalskipulagi á grunni þess.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með þau áform að kortlagning landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvæðana í Kjósarhreppi. Nefndin gerir ekki athugasemdir við lýsingu endurskoðun aðalskipulags Kjósarhepps 2016-2028.

4. Reykjavík, breyting á aðalskipulagi Elliðaárdalur – hjólastígur / málsnr. 1702002
Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar.

Skipulagsverkefnið felst í að breyta útfærslu hjólastígs í Elliðaárdal. Ætlunin er að nýta svæði sem nú þjónar sem reiðstígur. Reiðstígurinn þjónaði áður því hlutverki að tengja hesthúsabyggð við Sprengisand.

Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040 leggur fram stefnu um bæði stofnstíga hjólreiða (markmið 2.3) og einnig reiðstíga (markmið 4.1). Hjólastígur í Elliðaárdal kemur fram á korti 3 og endurbætur á stígnum eru í góðu samræmi við þá stefnu. Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að hesthúsahverfi séu tengd samfelldu reiðstíganeti milli sveitarfélaga. Það gengur því ekki á stefnu svæðisskipulagsins að Reykjavíkurborg felli út reiðstíg í Elliðaárdal.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytingun ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 17. mars kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

73. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 27. janúar 2017 kl. 11:00 á skrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 16, Reykjavík.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Bjarni Torfi Álfþórsson, Eva Lín Vilhjálmsdóttir, Hreiðar Oddsson og Sigurður Guðmundsson boðuðu forföll.

Ennfremur sátu fundinn fagráð svæðisskipulagsnefndar:

Haraldur Sigurðsson, Reykjavík

Birgir H. Sigurðsson, Kópavogi

Þormóður Sveinsson, Hafnarfirði

Ólafur Melsted, Mosfellsbæ

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Staða þróunaráætlunar / málsnr. 1501008

Samtal við Skipulagsstofnun í kjölfar erindis um stöðu Þróunaráætlunar 2015-2018 vegna framfylgdar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, ræddi við svæðisskipulagsnefnd um ábendingar Skipulagsstofnunar þess efnis að eftir væri að fullklára Þróunaráætlun 2015-2019. Til upplýsinga var lagt fram mat svæðisskipulagsstjóra á framvindu Þróunaráætlunar 2015-2019 dags. 26. janúar 2017.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Ásdísi Hlökk fyrir gagnlegt samtal um framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að aðgengi upplýsinga um

húsnæðismarkaðinn sem þjóni skipulagsákvörðunum liggja fyrir á hverjum tíma.

Svæðisskipulagsnefnd felur fagráði að greina hvaða upplýsingar um húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu séu nauðsynlegar m.t.t. gerðar, stærðar, verðs eignarhalds o.fl. Á þeim grunni verði skilgreindar þarfir höfuðborgarsvæðisins varðandi verkefni landsskipulagsstefnu um skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um húsnæðismarkaðinn sem verður innlegg í verkefni sem Skipulagsstofnun, Þjóðskrá, SSH og aðrir aðilar eiga að vinna að samkvæmt landskipulagsstefnu 2016-2024. Fagráði er einnig falið að móta tillögu að gerð seinni hluta Þróunaráætlunar 2015-2019.

2. Borgarlína – innleiðing í skipulag sveitarfélaga / málsnr. 1510007

Áfangaskýrslur COWI „Borgarlína – Workshop“ og „Borgarlína – High class public transport in the Capital Area of Reykjavik“ lagðar fram. Efni fyrri skýrslunar var kynnt á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 25. nóvember 2016. Ráðgjafar COWI munu vera hér og kynna efni seinni skýrslunnar á næsta fundi nefndarinnar þann 10. febrúar.

Svæðisskipulagsstjóri fór yfir stöðu skipulagsverkefnisins en fagráð hefur, í samtali við Skipulagsstofnun, lagt til að unnin verði sameiginleg verkefnislýsing fyrir aðalskipulagsbreytingar allra sveitarfélaganna. Einnig verður unnin sér verkefnislýsing fyrir svæðisskipulagsbreytingu. Verkefnislýsingarnar munu byggja á uppleggi COWI að næstu skrefum. Unnið er að sameiginlegri verkefnislýsingu aðalskipulagsbreytinga og sérstakri verkefnislýsingu svæðisskipulagsbreytinga.

Rammi um verkefnislýsingar hefur verið mótaður á grunni samkomulags sveitarfélaga dags. 2. desember 2016 í góðu samtali við Skipulagsstofnun og í samvinnu við fagráð. Efnistöð skipulagsvinnunar er lýst í sérstöku minnisblaði svæðisskipulagsstjóra dags. 23.12. 2016. Mikilvægt er að fagráðið sé virkur þátttakandi í að móta verkefnislýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingar þannig að góð eftirfylgni verði í öllum sveitarfélögum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra og fagráði að vinna tillögur að verkefnislýsingu svæðis- og aðalskipulagsbreytinga á þeim grunni sem gerður hefur verið. Verkefnislýsingar verða lagðar fram til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar.

3. Mosfellsbær, aðalskipulagsbreyting, svæði fyrir þjónustustofnanir / málsnr. 1701001

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar áformar að breyta skilgreindri landnotkun á 0,64 he svæði fyrir þjónustustofnanir þannig að það verði svæði fyrir verslun og þjónustu. Ástæða breytinganna er að ekki er lengur áformað að reysa lögreglustöð á umræddu svæði en þörf sé á verslunar- og þjónustusvæði.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda svæðisskipulagsnefndar enda hafa þær ekki svæðisbundið mikilvægi.

4. Mosfellsbær, deiliskipulagsgerð, tengivirki við Sandskeið / málsnr. 1701002
Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Almennt er svæðisskipulagsnefnd ekki að fjalla um deiliskipulagsgerð sveitarfélga, enda sé deiliskipulagið í samræmi við aðalskipulag. Þetta ákveðna mál er innan grannsvæði vatnsverndar. 23. gr. samþykktar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 er svohljóðandi:

„Á grannsvæði er óheimilt að hefja nýjan eða auka núverandi atvinnurekstur. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hættu sé á mengun grunnvatns af völdum starfsmannar.“

Það er því eðlilegt að svæðisskipulagsnefnd fylgist með gangi mála. Lykilatriðið er að áhættumat sem taki til þeirra framkvæmda sem gerðar verða á grunni deiliskipulagsins hafi farið fram eða sé unnið jafnhliða deiliskipulagsgerðinni og að undanþáguheimild heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis liggja fyrir áður en deiliskipulag sé samþykkt.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir deiliskipulag tengivirkis við Sandskeið. Þar sem umrætt svæði er á grannsvæði vatnsverndar verða niðurstöður áhættumats að liggja fyrir á meðan skipulag er unnið og undanþáguheimild heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis að liggja fyrir áður en deiliskipulagið verður endanlega staðfest.

5. Græni stígurinn / málsnr. 1701003

Erindi Skógræktarfélag Íslands sem geymir hvatningu aðalfundar Skógræktarfélags Íslands til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi að gerð Græna stígsins í Græna teflinum og setja verkefnið í forgang. Að mati Skógræktarfélags Íslands þarf Græni stígurinn að vera inni á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og samþykkjast af svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Græni stígurinn hefur sinn sess í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og er þar gert ráð fyrir að hann sé útfærður í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að settar verði fram áætlanir um uppbyggingu Græna stígsins í fjögurra ára þróunaráætlunum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Skógræktarfélagi Íslands þann áhuga sem félagið sýnir Græna stígunum og Græna teflinum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin tekur undir með Skógræktarfélagi Íslands um mikilvægi þess að gott aðgengi sé um útivistarsvæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagsnefnd vill vekja athygli á að Græni stígurinn er skilgreindur í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og á samkvæmt því að vera útfærður í aðalskipulögum aðildarsveitarfélaganna. Einnig er þar kveðið á um að uppbygging útivistarsvæða og innviða þeirra sé tilgreind í fjögurra ára þróunaráætlun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Svæðisskipulagsnefnd beinir til því til fagráðs að tryggja að áform um uppbyggingu Græna stígsins verði hluti af vinnu við seinni áfanga Þróunaráætlunar 2015-2019. Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er lagt til að mótaður verði fastur samstarfsvettvangur garðyrkju- og umhverfistjóra sem m.a. vinni að betri samræmingu í uppbyggingu sameignlegra útivistarsvæða. Svæðisskipulagsnefnd beinir því til

stjórnar SSH að sá hópur verði skipaður sem allra fyrst.

6. Kópavogur, aðalskipulagsbreyting, Nónhæð / málsnr. 1701004

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. .

Lýsingin fjallar um breytingu á landnotkun og talnagrunni fyrir Nónhæð, sem skv. núgildandi aðalskipulagi er samfélagsþjónusta og opin svæði en breytist í íbúðarbyggð og opin svæði sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Fjöldi íbúða verður allt að 140. Gerð verður breyting á greinargerð og á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins.

Nónhæð liggur að Smáralindarsvæðinu sem er svæðiskjarni. Aukin íbúðaruppbyggin þar er í góðu samræmi við það markmið svæðisskipulagsins, *1.2 Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggingar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni.*

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Kópavogar.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 10. febrúar kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Dags: 8.2.2017 16:03:30
Til:
Efni: Til umsagnar 84. mál frá nefndasviði Alþingis

8. febrúar 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 84. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 1. mars á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0141.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

Borgarráð 9.2. '17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við ferjurekstur á Faxaflóa og bátastrætós - R15020047

Óskað er eftir því að teknað verði saman ýtarlegar upplýsingar um hugsanlegan kostnað Reykjavíkurborgar vegna hugmynda um að fjármagna ferjurekstur á Faxaflóa og rekstur svokallaðs bátastrætós í borginni.

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Dags: 10.2.2017 10:42:50
Til:
Efni: Til umsagnar 128. mál frá nefndasviði Alþingis

10. febrúar 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga, 128. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 24. febrúar nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0187.html>


Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir



Afbrotatölfræði

janúar 2016



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð


Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í janúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í janúar eru miðað þessi mörk.



	Desember 2016	Janúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	626	694	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	262	300	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	67	92	Fjölgar	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	100	111	Fjölgar	Fjölgar
Orbeldi gagnvart lögreglumanni	4	6	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	18	11	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	8	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	97	115	Fjölgar	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	23	21	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	101	111	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	687	689	Innan marka	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	90	99	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	91	75	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	14	30	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Slys	45	40	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot



- Skráðar voru 694 tilkynningar um hegningarlagabrot í janúarmánuði.
- Skráð hegningarlagabrot eru innan útreiknaða marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Í janúar 2017 voru skráðar þrjú prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot miðað við meðaltal í janúar árin 2014 til 2016. Fjöldi brota er þó örflíð minni miðað við fjölda í janúar á síðasta ári.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Hegningarlagabrot	Október 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	694	704	646	-8	-1%
12 mánaða meðaltal	694	702	657	-10	-1%
			Efri		Innan marka
					Innan marka



Þjófnaðir



- Skráðar voru 300 tilkynningar um þjófnað í janúar. Eru það fleiri tilkynningar en í desember.
- Fjöldi tilkynntra þjófnaða eru innan útreiknaða marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um allar tegundir þjófnaða, nema þjófnaði á farsímum og reiðhjólum sem að fækkar.
- Tilkynnt var um tvö prósent fleiri þjófnaði í janúar árið 2017 miðað við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ára á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Janúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Janúar 2017	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka		
6 mánaða meðaltal	300	314	284	343	-14	-4%	Innan marka	Innan marka		
12 mánaða meðaltal	300	312	282	343	-12	-4%	Innan marka	Innan marka		




Innbrot

- Í janúar voru 92 innbrot tilkynnt lögreglu, sem er fjölgun miðað við síðasta mánuð.
- Tilkynningum um innbrot fjölga miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 31 prósent fleiri tilkynningar um innbrot nú í janúar miðað við meðaltal tilkynninga í janúar síðustu þrjú ár á undan.



■ Innbrot 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	92	66	52	80	26	39%
12 mánaða meðaltal	92	71	56	87	21	29%
						Fjölgar
						Fjölgar



Ofbeldisbrot

- Í janúar bárust lögreglu 111 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgar á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fjölgar miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Í janúar bárust 23 prósent fleiri tilkynningar miðað við meðaltal í janúar árin 2014 til 2016.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Janúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Fjöldi	Staða	Fjöldi	Staða	Neðri	Efri	+/-	%	Fjölgar	Fjölgar
6 mánaða meðaltal	111		100		91	109	11	11%		Fjölgar
12 mánaða meðaltal	111		97		87	107	14	15%		Fjölgar



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni





Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í janúar voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Nú í janúar voru skráð um 38 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal í janúar síðustu þriggja ára á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í janúar var skráð eitt tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Nú í janúar voru skráð um 40 prósent færri tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi en að meðaltali í janúar síðustu þrjú ár á undan.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu


Kynferðisbrot—dags. brots

- Tilkynt var um 11 kynferðisbrot sem áttu sér stað í janúar. Eru það færri brot en í desember.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota fækkar í janúar miðað útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningar um kynferðisbrot í janúar 2017 voru um 40 prósent færri samanborið við meðalfjölda í janúar árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Kynferðisbrot	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
					+/-	%
6 mánaða meðaltal	11	19	12	25	-8	-42%
12 mánaða meðaltal	11	18	12	23	-7	-37%



Fjöldi brota það sem af ári samanborið við sama tímabili síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Kynferðisbrot—dags. tilkynnt




- Tilkynnt var um 13 kynferðisbrot í janúar og fækkar tilkynningum umtalsvert á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynntra kynferðisbrota í janúar fækkar mikið miðað við neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Nú í janúar bárust um 38 prósent færri tilkynningar um kynferðisbrot samanborið við meðaltal í janúar síðustu þrjú ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Kynferðisbrot	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	13	25	14	-12	Fækkar
12 mánaða meðaltal	13	23	15	-10	Fækkar
				%	
				-48%	
				-44%	




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Heimilisofbeldi

- Alls bárust 47 tilkynningar um heimilisofbeldi í janúar.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fækkar í janúar samanborið við neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Nú í janúar bárust 9 prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali í janúar síðustu þjú ár á undan.
- Nýtt verklag lögreglu í málaflokknum tók formlega gildi 12. janúar 2015. Að þeim sökum er ekki marktækt að bera saman fjölda fyrir og eftir breytingar.




Heimilisofbeldi	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	47	56	52	-9	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	47	54	48	-7	Fækkar
				%	
				-17%	
				-13%	





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Leit að týndum ungmennum



- Alls bárust 14 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í janúar. Eru það færri beiðnir en í desember.
- Fjöldi beiðna sem bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fækkaði í janúar samanborið við neðri mörk síðustu sex mánaða, en eru innan marka miðað við síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 12 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Leitarbeiðnir	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	14	20	15	24	-6	-29%
12 mánaða meðaltal	14	16	11	22	-2	-12%
						Fækkar Innan marka



Eignaspjöll

- Í janúar voru skráðar 123 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga um eignaspjöll í heild fjölga miðað við reiknuð efri mörk síðustu sex mánaða á undan, en eru innan marka miðað meðalfjölda síðustu 12 mánaða.
- Tilkynningum um eignaspjöll fjölgaði um eitt prósent í janúar samanborið við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ár á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um meiriháttar eingaspjöll og önnur minniháttar eignaspjöll.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Janúar 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Janúar 2017	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Fjölgar	Innan marka
6 mánaða meðaltal	123	103	93	113	20	20%	Fjölgar	
12 mánaða meðaltal	123	109	95	123	14	13%		Innan marka




Nytjastuldur ökutækja




- Skráð var 21 tilkynning um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í janúar.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningarnar eru um 17 prósent færri núna í janúar miðað við meðalfjölda í janúar síðustu þriggja ára á undan.

Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



Nytjastuldur	Janúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Janúar	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka		
6 mánaða meðaltal	21	25	19	30	-4	-14%	Innan marka	Innan marka		
12 mánaða meðaltal	21	28	20	36	-7	-25%	Innan marka	Innan marka		

Fjöldi 3 ára meðaltal




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Fíkniefnabrot

- Í janúar voru skráð 117 fíkniefnabrot. Skráðum brotum fjölgar á milli mánaða.
- Skráð fíkniefnabrot eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Í janúar voru skráð sex stórfelld fíkniefnabrot.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um tvö prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.

— Fíkniefnabrot — Par af stórfelld brot 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal




Fíkniefni	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	%
6 mánaða meðaltal	111	111	98	123	1 0%
12 mánaða meðaltal	111	111	96	125	0 0%



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Umferðarlagabrot




- Skráð voru 689 umferðarlagabrot* í janúar. Skráðum umferðarlagabrotum fjölga lítillega á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkar miðað við neðri mörk síðastliðna sex mánuði, en eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu 12 mánuði á undan.
- Í janúar 2017 voru skráð 31 prósent færri brot samanborið við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ára á undan.

■ Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



■ Fjöldi 3 ára meðaltal



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	Janúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá	Staða breytinga
			Neðri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	689	826	678	-137	-17%
12 mánaða meðaltal	689	972	721	-283	-29%
			Innan marka		
			Fækkar		



Akstur undir áhrifum

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna


- Skráð voru 99 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í janúar.
- Skráðum brotum fjölga miðað við efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Í janúar fjölgaði brotonum um 43 prósent samanborið við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ár á undan.

Ölvun við akstur

- Skráð voru 75 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Skráð brot eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Brotonum fjölgaði um 48 prósent í jánúar samanborið við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ár á undan.


■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

■ Ölvun við akstur



■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna


■ Ölvun við akstur



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1



- Hér er fjöldi afbrota í janúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Desember 2016	Janúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	306	331	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	148	157	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	36	37	Fjölgar	Innan marka
Mannráp og líkamsmeiðingar	46	52	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	3	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	8	4	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	4	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	43	51	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	15	12	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	39	29	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot	295	243	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	36	22	Innan marka	Fækkar
Ölvun við akstur	51	34	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	6	7	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka




Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í janúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Desember 2016	Janúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	88	107	Fjölgar	Fjölgar
Þjófnaður	23	34	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	12	14	Fjölgar	Fjölgar
Mannráp og líkamsmeiðingar	17	19	Innan marka	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	13	26	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	1	Fækkar	Innan marka
Fíkniefni	13	19	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	139	146	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	27	28	Fjölgar	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	16	15	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	2	6	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 3



- Hér er fjöldi afbrota í janúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Desember 2016	Janúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	107	153	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	39	72	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	9	30	Mikil fjölgun	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	19	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	3	Mikil fjölgun	Fjölgar
Kynferðisbrot	6	2	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	22	21	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	6	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	24	26	Fjölgar	Innan marka
Umferðarlagabrot	128	178	Mikil fjölgun	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	12	24	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	15	16	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	11	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í Janúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Ár-
bæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Desember 2016	Janúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	98	86	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	39	31	Fækkar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	10	11	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	20	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	1	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	2	Fjölgar	Mikil fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	19	16	Innan marka	Innan marka
Nyttjastuldur vélknúinna farartækja	3	2	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	25	36	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	116	116	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	15	24	Fjölgar	Innan marka
Ölvun við akstur	8	10	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	2	6	Fjölgar	Fjölgar
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka





Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 14. febrúar 2017
Tilv.: ANR17020134/11.5

Efni: Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði í desember sl. starfshóp til að móta stefnu stjórnvalda í fiskeldi á Íslandi. Stefnumótun í fiskeldi er nú sérstaklega brýn vegna hins hraða vaxtar greinarinnar. Í þessari vinnu þarf m.a. að horfa til þess hvernig umfang og þróun fiskeldis hefur áhrif á sveitarfélögin m.t.t. ýmissa þátta s.s. samfélags, skipulags- og umhverfismála, byggðapróunar, tekna og gjalda o.fl.

Með bréfi þessu er þess óskað að sveitarfélög svari því hvaða áhrif fiskeldi hefur í sveitarfélaginu eða á þau verkefni sem falla undir verksvið sveitarfélagsins. Einkum er þess óskað að fjallað verði um eftirfarandi atriði og spurningar þar sem hugað er að umfangi og áhrifum fiskeldis á sl. 5 árum auk þess sem horft verði til framtíðar. Sérstaklega skal tekið fram að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og ekki er víst að öll atriði eigi við um viðkomandi sveitarfélag.

Um stöðu sveitarfélagsins

1. Hefur fiskeldi haft áhrif á beinar og óbeinar tekjur og gjöld sveitarfélagsins? Hver er breyting vegna einstakra liða?
2. Hefur sveitarfélagið ráðist í verkefni sem tengjast uppbyggingu innviða og skipulagsmálum vegna fiskeldis og hvert var/er umfangið? Ef svo er hvernig hafa slík verkefni verið fjármögnuð? Gerir sveitarfélagið ráð fyrir að þörf verði á slíkum verkefnum á næstu árum og hvert er áætlað umfang þeirra?
3. Hefur verkefnum vegna fiskeldis verið sinnt í samvinnu við aðra aðila s.s. önnur sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög o.þ.h.?
4. Má rekja fjölgun starfa hjá þjónustustofnunum eða stjórnsýslu sveitarfélagsins til fiskeldis s.s. í stoðþjónustu, menntastofnunum o.fl.?
5. Hafa orðið breytingar á þjónustustigi við íbúa sveitarfélagsins vegna fiskeldis eða eru þær fyrirhugaðar?

Um atvinnustig, byggðapróun og samgöngur

6. Hvert er atvinnustig í sveitarfélaginu og hvaða breytingar hafa átt sér stað með tilkomu fiskeldis? Hefur atvinnutækifærum og heilsársstörfum fjölgað?
7. Hefur orðið breyting á fólksfjölda og fastri búsetu í sveitarfélaginu vegna fiskeldis?
8. Hefur fiskeldi haft áhrif á byggðapróun?
9. Hvernig er staða á fasteignamarkaði innan sveitarfélagsins? Hefur sveitarfélagið þurft að bregðast við með byggingu eða skipulagningu íbúða- og atvinnuhúsnæðis innan sveitarfélagsins?
10. Hvernig er samgöngum háttað innan sveitarfélagsins? Er þörf á uppbyggingu á samgöngumannvirkjum s.s. vegum, höfnum og flugvöllum vegna aukinna umsvifa í fiskeldi?
11. Hvernig metur sveitarfélagið áhrif fiskeldis á aðra atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu s.s. fiskveiðar, flutninga, ferðaþjónustu, orkuvinnslu og frístundaiðkun?
12. Hefur tilkoma fiskeldis í sveitarfélaginu orðið til að fjölga tækifærum sem tengjast nýsköpun og rannsóknum og annarri sambærilegri starfsemi?

Um lög og reglur


13. Hver er afstaða sveitarfélagsins til laga og reglna um skipulag fiskeldisstarfsemi svo sem eldi í sjó ef um slíkt er að ræða.
14. Hver er aðkoma sveitarfélagsins að umhverfismálum vegna fiskeldis og hver er staða þess málaflokks að mati sveitarfélagsins.
15. Telur sveitarfélagið að gerð skipulags á haf- og strandsvæðum vegna fiskeldis sé til bóta?

Þess er óskað að svör sveitarfélagsins við ofangreindum spurningum og aðrar athugasemdir þess berist bréflaga til ráðuneytisins eða með tölvupósti á netfangið: jon.stefansson@anr.is eigi síðar en 6. mars n.k.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Baldur P. Erlingsson



Jón Þrándur Stefánsson

Bjarni Þóroddsson

Frá: Samhjalp <hjalpin@samhjalp.is>
Sent: 2. febrúar 2017 14:42
Til: Styrkir
Efni: Páskablað Samhjalpar - Stuðningur við Kaffistofuna

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Flokkar: Gulur flokkur

Málsnr.: R17020121
Skjalasafn Ráðhúss
16. feb. 2017
Bréfalykill: 1252



Sérðu ekki tölvupóstinn?
Smelltu hér.

Kæri viðtakandi.

Við hjá Samhjalp erum að undirbúa páskablaðið okkar, en með því að birta styrktarlínu, logo eða auglýsingu hjálpar þú okkur að gefa skjólstæðingum okkar ljúfengar máltíðir yfir páskahátíðina. Ath að einnig er hægt að veita stuðning án þess að hann birtist í blaðinu.

Kaffistofa Samhjalpar er opin alla daga ársins. Til okkar leitar umkomulaust og fátækt fólki, ýmist vegna andlegra eða líkamlegra veikinda. Öll eiga þau það sameiginlegt að búa við mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Við hjá Samhjalp veitum þessum einstaklingum morgunmat og heita máltíð í hádeginu. Um hátíðir eins og páska og jól veitum við hátíðarmáltíð.

Verð á auglýsingum.

- 1/1 síða kr. 90.000
- ½ síða kr. 45.000
- ¼ síða kr. 25.000
- Logo kr. 15.000
- Styrktarlína kr. 5.000
- Frjálst framlag. Stuðningurinn þarf ekki að birtast í blaðinu.

- Daglega koma um 200 manns í heita máltíð á Kaffistofu Samhjalpar
- Samhjalp var stofnað árið 1973 og hefur því verið starfandi í 44 ár.
- Kaffistofan er opin daglega - 365 daga á ári - líka jól, páska og aðrar stórhátíðir. Hún er staðsett í Borgartúni 1.



Norræna húsið
19. desember 2016

Málsnr.: R17020105
Skjalasafn Ráðhúss

14. feb. 2017

Bréfalykill: 0851

Umsókn til Borgarstjórnar Reykjavíkur

Norræna húsið var vígt árið 1968. Húsið var byggt á lóð Háskóla Íslands og hinn heimsþekkti arkitekt Alvar Aalto teiknaði bæði húsið og heildarskipulag fyrir umhverfi hússins. Sem hluti af því skipulagi var búin til tjörn fyrir framan húsið, og Aalto kom með tillögur að því hvernig háskólinn gæti bætt við nýjum byggingum og hvernig tengja mætti byggingarnar með stígakerfi. Síðan eru brátt liðin 50 ár og Norræna húsið er ennþá líflegt menningarhús sem fær u.þ.b. 150.000 heimsóknir á ári. Lóðin umhverfis húsið tilheyrir nú Reykjavíkurborg og metnaðarfull áform um þróun svæðisins liggja fyrir. Þau áform munu án efa hafa í för með sér fleiri gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur á öllu svæðinu.

Árið 2012 efndu Norræna húsið, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg til samkeppni um heildarskipulag fyrir svæðið milli Sturlugötu, Sæmundargötu, Hringbrautar og Njarðargötu. Samkeppnin lagði áherslu á að tengja svæðið betur við aðra borgarhluta og skapa stærra samfelld grænt svæði í borginni. Tillaga Landmótunar varð hlutskörpust en verkefnið hefur verið í kyrrstöðu undanfarin ár. Árið 2015 átti Norræna húsið frumkvæði að verkefni sem við höfum kallað: *Renewing the spirit of Aalto*. Verkefnið snýst um lóðina umhverfis Norræna húsið.

Prepaskipta flötin fyrir framan húsið (sem snýr að Esjunni) hefur sigið mikið og er nú á hraðleið ofan í Hústjörn. Þennan hluta er brýnt að laga. Í tengslum við þá framkvæmd langar okkur að búa til gönguleið meðfram tjörninni og gera gangandi vegfarendum þannig kleift að skoða fuglalífið við tjörnina. Norræna húsið fær fjölda skólahópa í heimsókn allt árið og Vatnsmýrin er vinsæll áfangastaður. Aukin rækt hefur einnig verið lögð við friðlandið í Vatnsmýrinni undanfarin ár í gegnum samstarfsverkefni Norræna hússins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Markmiðið var að skapa náttúrulegra umhverfi fyrir fuglana sem verpa í friðlandinu, m.a. með fleiri skurðum og stærra votlendi. Á sama tíma skapaðist tækifæri fyrir almenna borgara að fylgjast með villtu fuglalífi og náttúru miðsvæðis í borginni. Nýir stígar voru lagðir bæði í gegnum og umhverfis friðlandið, en ekki þó við Norræna húsið (sjá meðfylgjandi kort). Í dag er þess vegna torvelt aðgengi að friðlandinu og tjörninni fyrir m.a. hjólastóla og barnavagna, nema með því að fara leiðina bak við Norræna húsið. Þessu viljum við breyta til að allir hafir jafnan aðgang að svæðinu í kringum húsið. Okkur langar einnig að breikka stíginn frá Norræna húsinu að Sæmundargötu og flytja hann nokkra metra í norður þannig að hann mæti gangstéttinni sem liggur frá háskólanum meðfram Sæmundargötu.

Til viðbótar við þessar nauðsynlegu og praktísku framkvæmdir á lóðinni, langar okkur að bæta og fegra umhverfið með því að endurnýja gangstíga með fallettri efnum, planta trjám og runnum,

Málsnr.:
Skjalasafn Ráðhúss
14. feb. 2017
Bréfalykill:



bæta lýsingu, sem og ramma hliðarnar sem snúa út að götunni þannig að aðkoman sé aðlaðandi og lóðin sé vel tengd öðru opinberu rými í nágrenni hússins.

Norðan við húsið (milli Norræna hússins og miðbæjarins) er Vatnsmýrin, sem er varpland fyrir ýmsar fuglategundir og einkennist af miklu fuglalífi líkt og áður kom fram. Í vinningstillögunni frá 2012 var stóra grasflötin við Vatnsmýrina skilgreind sem náttúrusvæði, en stór hluti hennar er enn nýttur sem bílastæði. Það væri mikil lyftistöng fyrir svæðið ef flötin yrði hluti af samfelldu grænu svæði, ekki síst ef það tengdist Hljómskálagarðinum með göngum undir Hringbraut.

Flötin vestan megin við Norræna húsið hefur verið nýtt fyrir viðburði af ýmsu tagi, svo sem Fund fólksins og Sirkushátíð, en flötin er einnig tilvalið leiksvæði fyrir börn og barnafjöldskyldur. Sunnan megin meðfram Sturlugötu er sólríkt og skjólgott svæði sem býður upp á marga möguleika, en brýnt er að bæta stígasamgöngur á þessum hluta lóðarinnar og hindra að bílum sé lagt í einkastæði hússins og ólöglega allt í kring. Á þessum hluta hyggjumst við planta trjám og runnum, leggja nýja stíga og bæta lýsingu.


Norræna húsið hefur sótt um, og fengið, auka fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni til að gera átak í viðhaldi hússins. Við höfum því möguleika á að bera hluta af kostnaði við nýja stíga umhverfis húsið, en við höfum ekki bolmagn til að ráðast í framkvæmdirnar einhliða. Þar sem hagsmunir háskólans, Reykjavíkurborgar og Norræna hússins fara saman þegar kemur að því að skapa fallegt, öruggt og vel skipulagt svæði fyrir sívaxandi fjölda vegfarenda umhverfis Vatnsmýrina vonum við að Borgarstjórn sjái ávinning í því að taka þátt í verkefnunum, bæði þeim sem snúa að svæðinu í heild og nánasta umhverfi Norræna hússins. Norræna húsið hefur í samstarfi við arkitektastofuna Tvíhorf og landslagsarkitekta Landmótunar unnið ítarlega áætlun fyrir framkvæmdirnar umhverfis húsið. Við lítum svo á að svæðið gegni mikilvægu hlutverki í borgarlífinu og sé einnig áhugaverður hluti af miðborginni.

Við vonumst til að hægt verði að klára flesta verkþætti á árinu 2017 og að framkvæmdunum verði alfarið lokið vorið 2018 til að svæðið verði vel gróið og komið í endanlegt horf fyrir 18. ágúst 2018 þegar Norræna húsið fagnar 50 ára afmæli. Við óskum hér með eftir þátttöku í kostnaði og samstarfi við Reykjavíkurborg varðandi verkefnið. Sjá meðfylgjandi kostnaðar- og tímaáætlun.

Virðingarfyllst,

Mikkel Harder

Framkvæmdastjóri Norræna hússins



Sent: 14. febrúar 2017 12:39
To: Upplýsingar - Pósthólf Símaver
Afrit: Jón Þrándur Stefánsson
Subject: Fw: Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi

Tilvísun í mál: ANR17020134

Hjálagt er afrit af bréfi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi. Frumritið er einnig sent í bréfapósti.

Allar fyrirspurnir vegna málsins berist til undirritaðs.

Með kveðju,
Jón Þrándur

Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur
Starfshópur um stefnumótun í fiskeldi
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík
GSM: +(354) 845 6873
<http://www.anr.is>

Bréf

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík


, 14. febrúar 2017
ANR17020134

Efni: Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði í desember sl. starfshóp til að móta stefnu stjórnvalda í fiskeldi á Íslandi. Stefnumótun í fiskeldi er nú sérstaklega brýn vegna hins hraða vaxtar greinarinnar. Í þessari vinnu þarf m.a. að horfa til þess hvernig umfang og þróun fiskeldis hefur áhrif á sveitarfélögin m.t.t. ýmissa þátta s.s. samfélags, skipulags- og umhverfismála, byggðaðróunar, tekna og gjalda o.fl.

Með bréfi þessu er þess óskað að sveitarfélög svari því hvaða áhrif fiskeldi hefur í sveitarfélaginu eða á þau verkefni sem falla undir verksvið sveitarfélagsins. Einkum er þess óskað að fjallað verði um eftirfarandi atriði og spurningar þar sem hugað er að umfangi og áhrifum fiskeldis á sl. 5 árum auk þess sem horft verði til framtíðar. Sérstaklega skal tekið fram að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og ekki er víst að öll atriði eigi við um viðkomandi sveitarfélag.

Um stöðu sveitarfélagsins

**FS: Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi**

Almennt: t-póstur

Málsnúmer: R17020106

Bréfalyklar: 5920 Atvinnumál

Eigandi skjals: Bryndís Guðmundsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 14.02.2017 00:00:00

Dagsetning skjals: 14.02.2017

Upplýsingar um viðskiptavin:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Jón Þrándur Stefánsson

Skúlagötu 4

150 REYKJAVÍK

Netfang: jon.stefansson@anr.is

Skjalalykill	5920 Atvinnumál	Málsnúmer	R17020106
Móttökudags.	14.02.2017	Skráð í GoPro	14.02.2017

Viðtakandi	Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Starfsmaður	Nafn	Jón Þrándur Stefánsson
	Kennitala:	

Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Frá: Upplýsingar - Pósthólf Símaver

Dags: 14.2.2017 13:42:18

Til: SpR_Skjalasafn_Ráðhúss

Efni: FS: Beiðni um upplýsingar vegna stefnumótunar í fiskeldi

Gjörið þið svo vel.

Bestu kveðjur

Jórunn Hulda Sigurðardóttir

Þjónustufulltrúi í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Höfðatorg-Borgartúni 12-14

Netfang: jorunn.h.sigurdardottir@reykjavik.is

Sími: 411-1111

From: Jón Þrándur Stefánsson [mailto:jon.stefansson@anr.is]

1. Hefur fiskeldi haft áhrif á beinar og óbeinar tekjur og gjöld sveitarfélagsins? Hver er breyting vegna einstakra liða?
2. Hefur sveitarfélagið ráðist í verkefni sem tengjast uppbyggingu innviða og skipulagsmálum vegna fiskeldis og hvert var/er umfangið? Ef svo er hvernig hafa slík verkefni verið fjármögnuð? Gerir sveitarfélagið ráð fyrir að þörf verði á slíkum verkefnum á næstu árum og hvert er áætlað umfang þeirra?
3. Hefur verkefnum vegna fiskeldis verið sinnt í samvinnu við aðra aðila s.s. önnur sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög o.þ.h.?
4. Má rekja fjölgun starfa hjá þjónustustofnunum eða stjórnsýslu sveitarfélagsins til fiskeldis s.s. í stoðþjónustu, menntastofnunum o.fl.?
5. Hafa orðið breytingar á þjónustustigi við íbúa sveitarfélagsins vegna fiskeldis eða eru þær fyrirhugaðar?

Um atvinnustig, byggðapróun og samgöngur

6. Hvert er atvinnustig í sveitarfélaginu og hvaða breytingar hafa átt sér stað með tilkomu fiskeldis? Hefur atvinnutækifærum og heilsársstörfum fjölgað?
7. Hefur orðið breyting á fólksfjölda og fastri búsetu í sveitarfélaginu vegna fiskeldis?
8. Hefur fiskeldi haft áhrif á byggðapróun?
9. Hvernig er staða á fasteignamarkaði innan sveitarfélagsins? Hefur sveitarfélagið þurft að bregðast við með byggingu eða skipulagningu íbúða- og atvinnuhúsnæðis innan sveitarfélagsins?
10. Hvernig er samgöngum háttað innan sveitarfélagsins? Er þörf á uppbyggingu á samgöngumannvirkjum s.s. vegum, höfnum og flugvöllum vegna aukinna umsvifa í fiskeldi?
11. Hvernig metur sveitarfélagið áhrif fiskeldis á aðra atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu s.s. fiskveiðar, flutninga, ferðaþjónustu, orkuvinnslu og frístundaiðkun?
12. Hefur tilkoma fiskeldis í sveitarfélaginu orðið til að fjölga tækifærum sem tengjast nýsköpun og rannsóknnum og annarri sambærilegri starfsemi?

Um lög og reglur

13. Hver er afstaða sveitarfélagsins til laga og reglna um skipulag fiskeldisstarfsemi svo sem eldi í sjó ef um slíkt er að ræða.
14. Hver er aðkoma sveitarfélagsins að umhverfismálum vegna fiskeldis og hver er staða þess málaflokks að mati sveitarfélagsins.
15. Telur sveitarfélagið að gerð skipulags á haf- og strandsvæðum vegna fiskeldis sé til bóta?

Þess er óskað að svör sveitarfélagsins við ofangreindum spurningum og aðrar athugasemdir þess berist bréflaga til ráðuneytisins eða með tölvupósti á netfangið: jon.stefansson@anr.is eigi síðar en 6. mars n.k.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Baldur P. Erlingsson



- ATT00001.jpg



- 2017-02-14_09-56-52_SO.tif



- OutlookMessageContent.msg



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Björn S. Blöndal, formaður
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík



Málsnr.: R17010137
Skjalasafn Ráðhúss
09. jan. 2017
Bréfalykill: 430

Reykjavík, 9. janúar 2017

Efni: Útreikningar á rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK) gæta hagsmuna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla, þ.m.t. að tryggja góða samvinnu milli sjálfstæðra skóla og hins opinbera. Á vettvangi samtakanna hefur að undanförmu verið til umfjöllunar fyrirkomulag hvað varðar útreikninga á rekstraframlögum Reykjavíkurborgar til sjálfstætt starfandi leikskóla á grundvelli þjónustusamninga þessara rekstraraðila og borgarinnar.

Samtökin vekja athygli á að um framangreindan útreikning gilda reglur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS), sem síðast voru endurskoðaðar og birtar hinn 1. október 2016. Annars vegar er um að ræða útreikning og framlög vegna barna 6/9 mánaða til 36 mánaða og hins vegar vegna barna frá 18 mánaða til 6 ára. Hvað varðar það álitamál sem hér er til skoðunar gilda sömu reglur um rekstrarframlag, þ.e. hvort sem um er að ræða ungbarnaleikskóla eða leikskóla fyrir eldri börn.

Í áður nefndum reglum Reykjavíkurborgar segir eftirfarandi um rekstrarframlög til sjálfstætt starfandi leikskóla:

„Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.“

Eins og framangreint ber með sér byggir útreikningur Reykjavíkurborgar á rekstraframlögum á fjárhagsáætlun leikskólum borgarinnar en ekki raunkostnaði og endurspeglar þ.a.l. ekki raunverulegan kostnað við rekstur opinberra leikskóla. Sem afleiðing þessa, þ.e. að framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla byggjast alfarið á fjárhagsáætlun, kemur t.a.m. ekki til álita tap á rekstri opinberra leikskóla og því er uppi veruleg óvissa hvernig á að fara með tap á milli ára í slíkum útreikningi. Með öðrum orðum þá er ávallt stuðst við áætlanir en ekki rauntölur þegar uppgjör liggur fyrir. Þessi framkvæmd er verulega óheppileg og setur um leið starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla í uppnám svo lengi sem rekstrarframlög grundvallast ekki á raunverulegum kostnaði.

Sem dæmi um áhrif þessarar framkvæmdar á útreikningi má nefna afgreiðslu á starfsmati árið 2014 sem fól í sér verulegan rekstrarlegan kostnað fyrir leikskóla, bæði opinbera og sjálfstætt



Samtök starfandi leikskóla



starfandi leikskóla. Í því tilviki fengu opinberir leikskólar fyrirgreiðslu í formi yfirdráttar sem fól í sér að sá umframkostnaður var tekinn yfir af Reykjavíkurborg án þess að kostnaðurinn hafi þar haft áhrif á fjárhagsáætlun og rekstrarkostnað það ár. Hins vegar var um að ræða kostnað sem féll að fullu á sjálfstætt starfandi leikskóla og þar sem kostnaður sem féll á opinbera leikskóla skilaði sér ekki í breyttri fjárhagsáætlun hafði hann ekki áhrif á rekstrarframlög til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Samtökin hafa áður vakið athygli fulltrúa á SFS á þessu álitamáli sem og hvaða áhrif útreikningur á grundvelli fjárhagsáætlana í stað viðmiðunar á raunkostnaði hefur á starfsemi þessara aðila en þau samskipti hafa því miður verið án árangurs. Eftir stendur óbreytt ástand og óbreytt viðmið. Eftir sem áður er það verulegt hagsmunamál fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla að fyrirkomulag þetta verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að rekstrarframlög grundvallist á raunverulegum kostnaði við rekstur opinberra leikskóla.

Í ljósi þessa vilja samtökin vekja athygli borgaráðs Reykjavíkurborgar á þessu álitamáli með það að markmiði að taka umrætt fyrirkomulag til endurskoðunar á þá vegu að opinber framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla taki framvegis mið af raunkostnaði en ekki fjárhagsáætlunum.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við borgarráð Reykjavíkurborgar af hálfu SVP og SSSK.

Virðingarfyllt,
f.h. SSSK og SVP


Áslaug Hulda Jónsdóttir
formaður SSSK


Lárus M. K. Ólafsson, hdl.
lögmaður SVP

Reykjavík, 20. febrúar 2017
R16120110
1311
HBL/bþ

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Launalaust leyfi

Vísað er til erinda Nichole Leigh Mosty um launalaust leyfi til fjögurra ára, til borgarráðs dags. 21. desember sl. og 13. febrúar sl. þar sem óskað er eftir því borgarráð endurskoði ákvörðun skóla- og frístundasviðs með vísan til 6. gr. reglna um launalaus leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið hafnaði erindi Nichole með vísan til þess að 1. gr. reglnanna gera ekki ráð fyrir að leyfi sé veitt til lengri tíma en 12 mánaða.

Í samráði við borgarritara er óskað eftir því að skóla- og frístundasvið taki málið upp að nýju og afgreiði það með vísan til 4. gr. laga um þingfararkaup þar sem talað er um leyfi frá opinberu starfi, en ekki með vísan til reglna Reykjavíkurborgar þar sem þær víkja fyrir ákvæðum laganna. Bæði borgarritari og ég erum sammála um að það telst einboðið að veita eigi Nichole leyfi á þeim grundvelli bæði með hliðsjón af ákvæðum laganna og í anda þeirrar lýðræðisstefnu sem unnið er eftir hjá Reykjavíkurborg. Einnig má vísa til rúmrar túlkunar Reykjavíkurborgar á ákvæðum sveitarstjórnarlaga varðandi rétt til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum. Fordæmi samþykktar sem þessar takmarkast þar að auki við alþingismenn enda um sérákvæði að ræða.

Í ljósi þess að afgreiðsla á erindinu hefur dregist er óskað eftir því að skóla- og frístundasvið hraði meðferð þess eins og kostur er. Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Málsnr.: 216070008
Skjalasafn Ráðhúss
20. feb. 2017
Bréfalykill: 230

Reykjavík, 17. febrúar 2017
2014120048
17.0

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Vegna kaupa á átta nýjum rýmum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu

Á fundi velferðarráðs þann 16. febrúar 2017 var lögð fram tillaga, dags. 23. janúar 2017, vegna kaupa á átta nýjum rýmum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu, ásamt fylgigagni.

Lagt er til að velferðarsvið gangi til samninga við Ás styrktarfélag um kaup á átta nýjum rýmum í vinnu og virknimiðaðri stoðþjónustu, til að tryggja að ekki verði rof í þjónustukeðju velferðarsviðs í vor við útskrift framhaldsskólanema. Áætlaður kostnaður fyrir árið 2017 er 60 milljónir kr.

Samþykkt að vísa tillögunni til borgarráðs.

Velferðarráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Nú liggur fyrir kostnaðargreind uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Mikilvægt er að mið sé tekið af henni við vinnslu fjárhagsáætlunar hvers árs og gert ráð fyrir þeirri aukningu á þjónustubærf sem liggur fyrir. Nú hefur verið brugðist við fjölgun rýma á árinu 2017 og ítrekar velferðarráð mikilvægi þess að gert sé ráð fyrir fyrirséðri aukningu í vinnumiðaðri stoðþjónustu við gerð fjárhagsáætlunar á árinu 2018.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um að bæta við átta nýjum rýmum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu svo að ekki verði rof í þjónustu við þá fíttluðu einstaklinga sem að eru að útskrifast úr framhaldsskóla í vor.

Einnig er mikilvægt að velferðarráðuneytið komi til móts við þá ósk velferðarsviðs að Reykjavíkurborg fái greidd daggjöld vegna vinnumiðaðrar stoðþjónustu við fatlaða aldraða sem eru 67 ára og eldri og geta ekki nýtt sér hefðbundin úrræði.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfyllst,


Elly Alda Þorsteinsdóttir
skrifstofustjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Skrifstofa ráðgjafarþjónustu
Deild sértækrar ráðgjafar
Vinnsla *Katrín Þórdís Jacobsen*
Ábyrgðarmaður *Kristjana Gunnarsdóttir*
Dags. 23.01.2017
GoPro nr. 2014120048

Lagt fyrir fund velferðarráðs þann 16. febrúar 2017

Tillaga

Lagt er til að velferðarsvið gangi til samninga við Ás Styrktarfélag um kaup á 8 nýjum rýmum í vinnu og virknimiðaðri stoðþjónustu til að tryggja að ekki verði rof í þjónustukeðju velferðarsviðs í vor við útskrift framhaldsskólanna. Áætlaður kostnaður fyrir árið 2017 er 60 mkr.

Forsaga:

- Þann 19. janúar 2017 var lagt fyrir velferðarráð tillaga að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk til næstu 10 ára. Í kjölfarið samþykkti velferðarráð eftirfarandi tillögu:

„Velferðarráð felur velferðarsviði að vinna tillögur til að bregðast við þörf fyrir vinnumiðaðri stoðþjónustu á árinu 2017 til að hægt sé að bregðast við þörf í náinni framtíð. Mikilvægt er að fylgja eftir þeirri ósk að fá 10 dagdvalarrými fyrir 10 fatlaða aldraða einstaklinga við velferðarráðuneytið þar sem um brýna þörf er að ræða“.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur byggt upp öfluga þjónustukeðju fyrir börn og ungmenni með tilkomu lengdrar viðveru fyrir fötluð börn á aldrinum 10 – 20 ára. Við útskrift úr framhaldsskóla við 20 ára aldur verða ákveðin tímamót í þjónustu þar sem að vinnumiðuð stoðþjónusta þarf að taka við.

Í vor munu 8 einstaklingar af sérnámsbrautum framhaldsskólanna sem hafa þörf fyrir vinnumiðaða stoðþjónustu útskrifast. Miðað er við þá einstaklinga sem njóta lengdrar viðveru í Hinu húsinu samhliða námi á sérnámsbraut framhaldsskólanna og hafa mjög skerta starfsgetu.

Allir þessir 8 einstaklingar búa í foreldrahúsum og mikilvægt er að þeir fái áframhaldandi þjónustu hjá Reykjavíkurborg. Komi rof í þjónustukeðjuna myndi það mögulega hafa í för með sér að foreldrar þyrftu að hverfa af vinnumarkaði þar sem að þessir einstaklingar hafa þörf fyrir umönnun og aðgæslu allan sólarhringinn. Að auki gæti komið til kostnaðaraukingar í stuðningsþjónustu velferðarsviðs.

Nú þegar er búið er að úthluta í öll þau rými sem velferðarsvið hefur yfir að ráða en eftir stendur að bæta þarf nýjum rýmum til að viðkomandi einstaklingar fái viðunandi þjónustu allan daginn og ekki verði rof á þjónustukeðju Reykjavíkurborgar.

Þegar litið er til þess hóps sem um ræðir eru stuðningsþarfir nokkuð ólíkar og þörf fyrir mikla breidd í úrræðum. Með því að ganga til samninga við Ás styrktarfélag um 8 ný rými í vinnu og virkni væri hægt að tryggja að allir þeir einstaklingar sem útskrifast í vor fái viðunandi þjónustu í haust og þjónustukeðjan haldist.

Velferðarráðuneytinu hefur verið sent bréf til að ftreka ósk um 10 dagdvalarrými fyrir fatlaða aldraða einstaklinga sem þurfa á sérhæfðu úrræði að halda sökum fötlunar sinnar.

Fjárhagsáætlun:

Gert er ráð fyrir að meðalkostnaður á rými árið 2017 geti numið allt að 7,5 mkr á ársgrundvelli eða alls 60 mkr fyrir 8 viðbótarými.

Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2017.

Samantekt:

Lagt er til að gengið verði til samninga við Ás styrktarfélag um 8 ný rými í vinnu og virkni til að hægt sé að bregðast við fyrirsjáanlegum þjónustuþörfum fatlaðra ungmenna sem útskrifast af sérnámsbrautum á árinu 2017.

Fylgiskjal:

Minnisblað um kostnaðargreinda uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk sem lagt var fyrir fund velferðarráðs 19. janúar 2017.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Skrifstofa ráðgjafarþjónustu
Deild sértækrar ráðgjafar
Vinnsla *Katrín Þórdís Jacobsen/Jenný
Stefanía Jensdóttir*
Ábyrgðarmaður *Kristjana Gunnarsdóttir*
Dags. 03.01.2017
GoPro nr. 2014120048

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12.01.2017

Lagt fyrir að nýju fyrir fund velferðarráðs 19. janúar 2017

Minnisblað

kostnaðargreind uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk

Efni: Lögð fram til kynningar kostnaðargreind uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fatlaðs fólks til 10 ára frá 2017-2027.

Forsaga:

Þann 26. maí 2016 var lagt fyrir velferðarráð minnisblað um þá alvarlegu stöðu sem upp var komin í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Eftirfarandi var fært til bókar:

„Velferðarráð felur velferðarsviði að vinna kostnaðargreinda uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Auk þess óskar ráðið eftir því að allra leiða verði leitað og áætlun lögð fyrir ráðið sem fyrst um með hvaða hætti er hægt að tryggja þeim einstaklingum sem útskrifast úr framhaldsskólum í vor viðunandi dagþjónustu. Einnig er velferðarsviði falið að óska eftir að dagdvalarrýmum fyrir 10 fatlaða aldraða einstaklinga við velferðarráðuneytið“.

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks í janúar 2011 frá ríki til sveitarfélaga færðist ábyrgð á vinnumiðaðri stoðþjónustu fatlaðs fólks yfir til sveitarfélaganna. Á þjónustusvæðinu voru tveir starfsstaðir á vegum svæðisskrifstofu, Iðjuberg og Gylfaglöt. Auk þess hafði ríkið gert þjónustusamninga við Ásgarð í Mosfellsbæ og Ás Styrktarfélag vegna starfsemi Áss vinnustofu, Lækjaráss, Bjarkaráss, Lyngáss, Setursins og Selsins.

Á meðan að yfirfærslunni stóð ríkti óvissa um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks þ.e. hvort að þau yrðu á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaganna. Þessi óvissa varð til þess að uppbygging í málaflöknum var í biðstöðu og einungis hugað að bráðamálum.

Í september 2014 samþykkti velferðarráð aukningu um 5 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu í Gylfaglöt. Í janúar 2016 gerði velferðarsvið samning við Blindravinnustofuna um þjónustu við 3 einstaklingar (1 rými) með skerta starfsgetu sem höfðu starfað á Blindravinnustofunni, sem er

verndaður vinnustaður, í áráraðir. Í maí 2016 samþykkti velferðarráð aukningu um 5,5 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu sem skiptust þannig að 5 rýmum var bætt við hjá Ási styrktarfélagi og 0,5 rými í Gylfahlöt. Frá yfirfærslu hefur því rýmum í vinnumiðaðri stoðþjónustu fjölgað um 11,5 rými. Mismunandi er hvort einn eða fleiri einstaklingar geti samnýtt rými, allt háð metnum stuðningsþörfum hverju sinni.

Í viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks sem undirrituð var í desember 2015 kemur fram að ábyrgð sveitarfélaganna eftir yfirfærslu málaflokksins sé meðal annars rekstur, frekari uppbygging og nýjar starfsstöðvar fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun.

Forsendur uppbyggingaráætlunarinnar:

Velferðarsvið leggur ríka áherslu á að þjónustukeðja sviðsins sé skilvirk og mun umrædd tillaga veita einstaklingum sem eru á biðlista eftir vinnumiðaðri stoðþjónustu, þjónustu við hæfi. Einnig verður hægt að koma til móts við nýgengi í þjónustunni næstu 10 árin.

- Áætla þarf fjármagn vegna rekstrarkostnaðar þeirra rýma sem lagt er til að bætt verði við núverandi þjónustutilboð.
- Fjöldi umsókna á biðlista eftir vinnumiðaðri stoðþjónustu í desember 2016 eru 10. Áætlað er að nýgengi í þjónustuna næstu 10 árin verði 134 einstaklingar.
- Það er mat sérfræðinga að nauðsynlegt sé að koma til móts við þjónustuparfir umrædds notendahóps með vinnumiðaðri stoðþjónustu sem tekur mið af aukinni tengingu við atvinnulífið en áður hefur verið.

Tilgangur þess að meta nýgengi og brottfall úr vinnumiðaðri stoðþjónustu er að áætla fjölda nauðsynlegra rýma þannig að framboð af þjónustu verði nægjanlegt á hverjum tíma. Hins vegar er erfitt að áætla framtíðar stuðningsþörf yngsta aldurshópsins og verður því að gera ráð fyrir því að nokkur frávik geti orðið á áætlaðri þörf. Einnig þarf að líta til mögulegrar lögfestingar á NPA en það getur skapað óvissu um þörf.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur í dag 2 starfsstaði sem sinna hæfingartengdri þjónustu, lóðjúborg og Gylfahlöt. Þar fá 64 einstaklingar þjónustu. Einnig er velferðarsvið með samninga við Ásgarð handverksstaði og Ás styrktarfélag en á þeim starfsstöðum fá 181 einstaklingar þjónustu, þar af 34 einstaklingar úr nágrannasveitarfélögum.

Frá yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hefur ekki verið lögð áhersla á uppbyggingu í vinnumiðaðari stoðþjónustu utan þess að rýmum hefur fjölgað í núverandi úrræðum um 11,5 rými til þess að mæta bráðþörf. Á næstu tíu árum er von á stórum árgöngum inn í þjónustuna. Miðað er við þá einstaklinga sem nýta sér lengda viðveru fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur sem er sá hópur sem talið er líklegast að þurfi á vinnumiðaðri stoðþjónustu að halda í framtíðinni.

Í desember 2016 eru nú 10 umsóknir á bið eftir úrræði, 5 milliflutningsumsóknir og 4 umsóknir um aukningu.

Fyrir næstu 4 árganga eða einstaklinga fædda á árunum 1997 – 2000 má reikna með að meðaltals nýgengi inn í þjónustuna séu 11 einstaklingar á ári. Ef við lítum svo til næstu sex árganga þar á eftir eða einstaklinga fædda á árunum 2001 – 2006 má reikna með að nýgengi verði að meðaltali 15 einstaklingar á ári. Þetta þýðir að til næstu 10 ára verður þörf fyrir 114 ný

rými ef miðað er við að úrgengi úr þjónustunni sé að meðaltali 2 á ári eins og verið hefur undanfarin ár. Við það bætist fjöldi umsókna á biðlista sem eru 10 eða alls 124.

Árgangur	Fjöldi einstaklinga í hverjum árgangi sem eru í lengdri viðveru fyrir fatlaða.
1997	9 einstaklingar
1998	14 einstaklingar
1999	14 einstaklingar
2000	7 einstaklingar
2001	7 einstaklingar
2002	17 einstaklingar
2003	20 einstaklingar
2004	15 einstaklingar
2005	13 einstaklingar
2006	18 einstaklingar
Samtals	134 einstaklingar

Mikilvægt er að bregðast við þeirri þörf sem blasir við næstu árin. Velferðarsvið leggur áherslu á þjónustukeðju í þjónustu við fatlað fólk, þannig að ekki komi rof í nauðsynlega þjónustu við ákveðin tímamót s.s. útskrift úr framhaldsskóla. Reykjavíkurborg hefur byggt upp öfluga þjónustukeðju fyrir börn og ungmenni með tilkomu lengdrar viðveru fyrir fötluð börn á aldrinum 10 – 20 ára. Við útskrift úr framhaldsskóla við 20 ára aldur verða ákveðin tímamót í þjónustu þar sem að vinnumiðuð stoðþjónusta þarf að taka við. Velferðarsvið hefur brugðist við aukningu á þörf með fjölgun rýma/starfa til að mæta bráðamálum en betur má ef duga skal.

Til þess að fá meira flæði í þjónustukeðjuna er nauðsynlegt að farið verði í uppbyggingu á dagdvöl fyrir aldraða fatlaða einstaklinga og einstaklinga sem fá hamlandi öldrunareinkenni fyrr á æviskeiðinu, sem oft er reyndin þegar um fatlaða einstaklinga er að ræða. Aldraðir fatlaðir einstaklingar sem hafa verið í vinnumiðaðri stoðþjónustu hafa ekki geta nýtt sér hefðbundin dagdvalarúrræði og hafa því sótt þjónustu í hæfingartengdum úrræðum. Það hefur hamlað flæðinu innan þjónustukeðjunnar sem og vöntun á rýmum. Í dag fá 10 einstaklingar 67 ára og eldri þjónustu á starfsstöðum vinnumiðaðrar stoðþjónustu. Formlega hefur verið farið fram á greiðslu daggjalda við velferðarráðuneytið, með bréfi í júní 2016 og ítrekun í nóvember 2016, fyrir dagdvalarrýmum vegna aldraða fatlaðra einstaklinga sem sökum fötlunar sinnar þurfa á sérhæfðu úrræði að halda. Beðið er svara frá velferðarráðuneytinu.

Eins og fyrr segir rekur Reykjavíkurborg tvo starfsstaði þar sem boðið er upp á vinnumiðaða stoðþjónustu, Gylfafiöt og lðjuberg. Einnig er Reykjavíkurborg með þjónustusamning við Ás styrktarfélag um stærsta hluta rýma í vinnu og virkni sem er hugmyndafræði sem Ás styrktarfélag

hefur verið að þróa síðustu ár við góðan orðstýr. Ás er að flytja í nýtt húsnæði við Ögurhvarf í Kópavogi og gefur það möguleika á að Reykjavíkurborg semji um fleiri rými. Styrkleikar þjónustuúrræðisins er sá að um mikla breidd í vinnuverkefnum er að ræða sem getur komið til móts við þarfir flestra einstaklinga sem þurfa á vinnumiðaðari stoðþjónustu að halda. Einstaklingum gefast því frekar tækifæri til að færast á milli verkefna allt eftir getu og áhugasviði.

Einnig má geta þess að mikil ásókn er eftir þjónustu hjá Ási styrktarfélagi umfram alla aðra staði á höfuðborgarsvæðinu sem veita viðlíka þjónustu.

Tillögur að áfangaskipt uppbygging um 70 rými á næstu 10 árum

Til þess að koma til móts við áætlaða þjónustupörf næstu ára þarf að auka rými um 70 sem hægt væri að gera í tveimur áföngum á næstu 10 árum. Það gefur möguleika á að hægt sé að endurmeta þörfina fyrir þjónustu í þeim hópi sem þarf á vinnumiðaðari stoðþjónustu að halda.

Í fyrsta áfanga gæti velferðarsvið Reykjavíkurborgar farið í viðræður við Ás styrktarfélag um aukningu um 40 ný rými í Vinnu og virkni í Ögurhvarfi þar með talin 10 dagdvalarrými fyrir aldraða fatlaða með sértækar þarfir, til næstu fimm ára.

Í öðrum áfanga er lagt til að velferðarsvið Reykjavíkurborgar setji á laggjarnar nýjan starfsstað með 30 rýmum. Áhersla yrði lögð á tengsl við atvinnulífið, þannig að starfsmenn gætu fylgt viðkomandi einstaklingum út í fyrirtæki hluta úr degi. Með því er komið til móts við þær hugmyndir að tengja þurfi vinnumiðaða stoðþjónustu meira við atvinnulífið og gefa notendum aukið tækifæri til þátttöku þrátt fyrir skerta starfsgetu.

Með tilkomu 70 nýrra rýma á næstu 10 árum telja sérfræðingar velferðarsviðs að hægt sé að koma til móts við þær þjónustubarfir sem fyrirsjáanlegt er að skapist á þeim tíma. Tekið skal fram að um áætlun er að ræða en flókið er að meta stuðningsþarfir ungmenna langt fram í tímann m.t.t. þarfa fyrir mönnun í úrræðunum. Það er því háð stuðningsþörf hvers og eins hvort að rými nýtist fyrir 1 eða fleiri einstaklinga.

Annar óvissuþáttur í þessari áætlun er lögfesting NPA en óvíst er hvaða áhrif það muni hafa á þörf fyrir umrædda þjónustu. Einstaklingar með NPA þjónustu hafa ekki allir þörf fyrir vinnumiðaða stoðþjónustu í hefðbundnum skilningi þar sem að þjónustan getur verið skilgreind innan samningsins. Það veitir víðtækari tækifæri til samfélagsþátttöku, náms eða vinnu.

Með tilliti til ofangreindra þátta er mikilvægt að hafist verði handa við fyrst áfanga áætlunarinnar þar sem að húsnæði Áss er nú þegar til staðar. Leiði tíminn í ljós að um of- eða vanáætlun sé að ræða gefur annar áfangi áætlunarinnar möguleika á að fækka eða bæta við rýmum við uppbyggingu nýs starfsstaðar. Þess má þó geta að einnig er hægt að fara þá leið að semja við Ás um öll rýmin til 10 ára í stað þess að opna nýjan starfsstað þar sem að með tilkomu nýs húsnæðis í Ögurhvarfi getur þjónustukeðjan hjá Ási rúmað öll þessi rými. Kostir þess að semja við Ás felast m.a. í fjölbreytni vinnuverkefna sem taka mið af starfsgetu einstaklinga og auknum möguleikum á að færast á milli vinnustaða, samanber hugmyndafræði um vinnu og virkni. Mögulegir ókostir kunna að felast í fjölda fólks í þjónustu á einum stað en það er mat sérfræðinga velferðarsviðs að kostirnir vegi þyngra.

Fjárhagsáætlun:

Skrifstofa fjármála og rekstrar hefur lagt mat á kostnað við uppbyggingu í vinnumiðaðri stoðþjónustu út frá framangreindum forsendum. Miðað er við verðlag ársins 2016.

Kostnaður við fyrsta áfanga:

Gert er ráð fyrir 40 nýjum rýmum í Vinnu og virkni hjá ÁS. Meðalverð á núverandi dagþjónusturýmum samkvæmt samningi við ÁS styrktarfélag eru lögð til grundvallar samtals 5.100.000 á rými.

Kostnaður samtals: 204.000.000

Kostnaður við annan áfanga:

Gert er ráð fyrir 30 nýjum rýmum þar sem áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og starfsmenn gætu fylgt viðkomandi út í fyrirtæki hluta úr degi. Til grundvallar er kostnaður á rými við Gylfafiöt samtals 10.800.000 á rými.

Kostnaður samtals: 324.000.000

Heildarkostnaður 70 ný rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu samtals kr. 528.000.000 á ári

Samantekt:

Þörf er á að bæta við við 70 nýjum rýmum í vinnumiðaðari stoðþjónustu. Þar sem erfitt er að áætla nákvæman fjölda nægjanlegra rýma er lagt til að uppbyggingin verði gerð í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga væri hægt að ganga til samninga við Ás styrktarfélag um 40 ný rými í Ögurhvarfi þ.m.t. 10 dagdvalarrými fyrir aldraða fatlaða einstaklinga.

Vegna óvissuþátta er lagt til að áður en kemur að öðrum áfanga áætlunarinnar verði gert endurmat á áætlun um nauðsynlegan heildarfjölda rýma innan þjónustukeðjunnar.

Borgarráð

Tjarnagötu 11
101 REYKJAVÍK

Stöðugildi fyrir unga innflytjendur í fjölmiðlum/sumarstörf

Á fundi mannréttindaráðs þann 14. febrúar s.l. var lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga: Lagt er til að Reykjavíkurborg taki allt að fjögur stöðugildi af sumarstörfum ungs fólks hjá Reykjavíkurborg vegna sumarsins 2017 til að greiða fyrir störf ungra innflytjenda á fréttastofum fjölmiðla.

Greinagerð:


Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar sem haldinn var 22. nóvember s.l. var rætt um fjölmiðla og hvernig kastljós þeirra hefur beinst að flóttafólki, hælisleitendum og fólki í leit að alþjóðlegri vernd. Fram kom á fundinum mikilvægi þess að raddir innflytjenda heyrast í fjölmiðlum. Samið verði við fjölmiðla sem áhuga hafa á verkefninu og myndu þeir velja úr hópi áhugasamra umsækjenda um þessi störf. Tillagan er í takt við áherslurnar í verkefninu fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Með slíkum samningi gæti Reykjavíkurborg lagt sitt af mörkum til þess að hvetja til fjölbreytileika í umfjöllun fjölmiðla og gefa ungum innflytjendum kost á að afla sér þekkingar á starfi fjölmiðla. Með ráðningu sumarstarfsfólksins felast ekki nein afskipti af ritstjórnarstefnu fjölmiðlanna.

Tillöggunni er vísað til afgreiðslu borgarráðs.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkur

Málsnr.: R17020167
Skjalasafn Ráðhúss
20. feb. 2017
Bréfalykill: 241



February 14, 2017

Dagur Bergþóruson Eggertsson
Tjarnargata 11, 101
Reykjavík, Iceland

Dear Mayor Dagur Bergþóruson Eggertsson,

The international community has been a critical force in advancing progress for children, teens and adults with autism around the world. Now, you can take the next step and transform global awareness into greater understanding and acceptance of autism across the spectrum and throughout the life span. To achieve this goal, we kindly request your participation in World Autism Month by joining our Light It Up Blue campaign.

For the eighth year, Light It Up Blue will unite the world in recognition of United Nations-sanctioned World Autism Awareness Day on April 2, which kicks off World Autism Month. Across the globe, blue lights shine on homes, businesses, houses of worship and landmarks on April 2, 2017. You can join this global movement by facilitating the lighting of buildings and landmarks in your country.

In 2016, 157 countries representing all seven continents participated. Entire neighborhoods and city skylines glowed blue in honor of people with autism everywhere. Seven of the top 10 tallest towers in the world went blue, including the Freedom Tower in New York City and Burj Khalifa in Dubai, the tallest tower in the world. Every light sends a message of hope to those with autism. This simple gesture recognizes and includes them in a world that has not always done so, and in some communities, inclusion, resources and support remain ongoing challenges.

Autism Speaks is grateful to have worked with collaborators around the world over the past decade, but there is still a lot more work to be done. Will you join us? Together, we can enhance lives today and accelerate a spectrum of solutions for tomorrow.

This April, you can shine a light on autism and increase understanding and acceptance. Please visit www.autismspeaks.org/LIUB to register, and then, contact Stephanie Foggett at Stephanie@bljworldwide.com to confirm your participation. We also ask that you share photos of your blue buildings so we can showcase the unity of this movement. Thank you for considering this invitation. We look forward to seeing your blue lights shine.

With gratitude,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Angela Gelger'.

Angela Gelger
President and CEO

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Andy Shih'.

Andy Shih
Senior Vice President, Public Health and Inclusion




AUTISM SPEAKS
LIGHT
IT UP
BLUE

2016


WORLD AUTISM AWARENESS DAY

AutismSpeaks.org/LIUB



What is World Autism Awareness Day?

World Autism Awareness Day (WAAD), celebrated on April 2, was adopted by the United Nations in 2007 to shine a bright light on autism as a growing global health priority. On World Autism Awareness Day, Autism Speaks celebrates its international **"Light It Up Blue"** campaign. Thousands of iconic landmarks, communities, businesses and homes across the globe unite by shining bright blue lights in honor of the millions of individuals and families around the world affected by autism. Individuals everywhere wear blue in honor of our community.



**AUTISM SPEAKS
LIGHT IT UP
BLUE**

- Spreads Awareness and Understanding of Autism
- Celebrates and Honors the Unique Talents and Skills of People with Autism
- Brings Attention to the Needs of all People with Autism


Join Us
Light It Up Blue on April 2, 2017
AutismSpeaks.com/LIUB

Light It Up Blue Around the World

On the evening of April 2, 2016, World Autism Awareness Day, thousands of landmarks, buildings, and organizations in **157 countries** joined Autism Speaks to mark the **seventh annual Light It Up Blue** campaign and raise **global awareness of autism spectrum disorder**.

- | | | | | |
|---------------------|------------------------|--------------------|------------|-------------|
| Albania | Belize | Costa Rica | Iraq | Luxembourg |
| American Samoa | Bermuda | Croatia | Ireland | Macao |
| Angola | Bhutan | Cuba | Israel | Mexico |
| Anguilla | Bolivia | Curaçao | Italy | Nicaragua |
| Antigua and Barbuda | Bosnia and Herzegovina | Cyprus | Japan | Netherlands |
| Argentina | Brazil | Czech Republic | Jordan | Nepal |
| Armenia | Brunei Darussalam | Denmark | Kazakhstan | New Zealand |
| Australia | Bulgaria | Djibouti | Kenya | Nigeria |
| Aruba | Cambodia | Dominica | Kuwait | Norway |
| Austria | Cameroon | Dominican Republic | Kyrgyzstan | Oman |
| Azerbaijan | Canada | Ecuador | Laos | Pakistan |
| Bahamas | Cape Verde | Egypt | Lebanon | Panama |
| Bahrain | Cayman Islands | El Salvador | Liberia | Paraguay |
| Barbados | Chile | Estonia | Lithuania | Peru |
| Belarus | China | Finland | Morocco | Philippines |
| Belgium | Colombia | France | Mozambique | Poland |
| | Comoros | | Myanmar | Portugal |
| | | | Namibia | Puerto Rico |
| | | | | Qatar |


Throughout the month of April, individuals with autism, family members, friends, supporters, schools, communities, governments, and global companies united under one common goal: to **turn awareness into action**.



1. Autism Awareness team at the Great Renaissance Dam, Ethiopia.
2. HHS and CDC in Hanoi, Vietnam.
3. Awareness Event, Baternburg, Russia.
4. Jet Blue event, STI Airport, Dominican Republic.
5. Taipei 101, Taipei City, Taiwan.
6. Cominata de Autismo, Donado, Puerto Rico.
7. I Heart Auba app, Anoba, B. For 5 News, Washington DC, USA.
8. Awareness event, China Women's Development Foundation, Beijing, China.
9. Awareness event, Beijing, China.
10. Awareness Match, Summerstrand Beach, South Africa.
11. Awareness Event, Forre Sangallo, Merituna, Italy.
12. National Monument, Jakarta, Indonesia.
13. Awareness Bike Race, Veracruz, America.
14. ASU Chaper, University of Oklahoma, USA.
15. Awareness Concert, Strajeri, Bosnia & Herzegovina.

- | | | | |
|-------------|----------------------------|----------------------|----------|
| Nauru | Romania | Sweden | Vietnam |
| Nepal | Russian Federation | Switzerland | Yemen |
| Netherlands | Saint Kitts and Nevis | Syria | Zambia |
| New Zealand | Salvador | Taiwan | Zimbabwe |
| Nicaragua | Saint Marino | Tanzania | |
| Nigeria | Saudi Arabia | Thailand | |
| Norway | Scotland | Togo | |
| Oman | Senegal | Trinidad And Tobago | |
| Pakistan | Serbia | Turkey | |
| Panama | Seychelles | U.S. Minor Islands | |
| Paraguay | Singapore | Ukraine | |
| Peru | Slovakia (Slovak Republic) | United Arab Emirates | |
| Philippines | Slovenia | United Kingdom | |
| Poland | South Africa | United States | |
| Portugal | South Korea | Uruguay | |
| Puerto Rico | Spain | Uzbekistan | |
| Qatar | Sri Lanka | Venezuela | |


Africa



1. Autism Society of Kenya Nairobi Kenya
2. La Luminere Bleué, Ghana National Mosque, Accra Ghana
3. Awareness March, Kilifi County, Kenya
4. Suez Canal Authority Building, Egypt
5. Nelson Mandela Bridge, South Africa
6. Awareness March, Arusha, Tanzania
7. Morocco Mall, Casablanca
8. Cairo Tower, Cairo, Egypt
9. Sandton City Shop, Johannesburg, South Africa
10. Tzmit, Morocco
11. Autism Awareness, Morocco
12. Opera House, Egypt
13. Voortrekker Monument, South Africa



Renata Yaa Olanrewaa K...




Americas

AMERICAN
LUMINOSITY

1. Orlando Eye, Florida, USA
2. Burns Memorial Bridge, Worcester, MA, USA
3. Capitol Records Building, Hollywood, CA, USA
4. Nissan Stadium, Nashville, TN, USA
5. Monument, Vaso Nunez de Balboa, Panama
6. 1660 International, Arlington, VA, USA
7. Empire State Building, New York, NY, USA
8. Palacio de Bellas Artes, Mexico City, Mexico
9. Autism Awareness Walk, Ponte Estelada, Brazil
10. Cool Science Museum, Columbus, OH, USA
11. Barrio Chino, Buenos Aires, Argentina
12. BC Place, Vancouver, Canada
13. Christ the Redeemer, Rio de Janeiro, Brazil
14. High Level Bridge, Canada



Javier "Chicharito" Hernandez
Iluminemos de Azul campaña




Asia & Oceania

1. Habib Bank Plaza, Karachi, Sindh, Pakistan
2. Sydney Opera House, Sydney, Australia
3. Kuala Lumpur Tower, Kuala Lumpur, Malaysia
4. Beijing Central TV & Radio Tower, Beijing, China
5. Hiroseki University, Japan
6. Goryokaku Tower, Hakodate, Hokkaido, Japan
7. Petruski, Virellana, Laos
8. YS-11, Koto Park, Japan
9. Port of Kobe, Kobe, Greater Osaka, Japan
10. Ripon Building, Chennai, India
11. SM Mall, Philippines
12. North Seoul Tower, South Korea
13. Shanghai Tower, Shanghai, China



Tomoeaki Kanemoto manager of Hanshin Tigers Baseball team




World Europe & The Middle East

1. Petra, Jordan
2. Galata Tower, Istanbul, Turkey
3. Burj Khalifa, Dubai, United Arab Emirates
4. Palace of Culture, Warsaw, Poland
5. Vijećnica, Sarajevo, Bosnia & Herzegovina
6. Cork City Hall, Ireland
7. Mozart Statue, Salzburg, Austria
8. Flame Towers, Baku, Azerbaijan
9. Forte Sangallo, Nettuno, Italy
10. La Basílica de la Sagrada Família, Barcelona,
11. House of Representatives, Parliament of Malta
12. Fountain Building, Vales, Republic of Macedonia
13. Autism Today Association, Bulgaria
14. Presidential Building, Tirana, Albania



Sonya and son Raphael, Armenia



UN Panel

On April 1st, dignitaries from around the world gathered at the **United Nations** for a panel discussion on autism, hosted by Autism Speaks, the State of Qatar and the People's Republic of Bangladesh.



There's never been a better time to take action.

To learn more about how to get involved contact us at:


LIUB@AutismSpeaks.org

AutismSpeaks.org/LIUB



BE AN AUTISM SPEAKS

Autism Speaks is a 501(c)(3) nonprofit organization. Autism Speaks Light It Up Blue is a registered trademark of Autism Speaks. All rights reserved.



JOIN US! Light It Up Blue on World Autism Awareness Day April 2, 2017


Each April 2nd, Autism Speaks celebrates the start of its signature campaign, Light It Up Blue, along with the international autism community in recognition of UN sanctioned World Autism Awareness Day and April, World Autism Month.

Thousands of iconic landmarks and buildings join the hundreds of thousands of homes and communities around the world to "light blue" in support of people living with autism. Autism-friendly events and educational activities take place all month to increase understanding and acceptance and further support people with autism.

Light It Up Blue

- increases understanding and acceptance of autism
- celebrates and honors the unique talents and skills of people with autism
- brings attention to the needs of all people with autism

AutismSpeaks.org/LIUB



BORGARSTJÓRN 7. febrúar 2017: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölgun lóða í Úlfarsárdal - R17020065

Borgarstjórn samþykkir að fjölga lóðum í Úlfarsárdal umfram þá takmörkuðu fjölgun sem verður vegna breytinga á deiliskipulagi sem nú er í vinnslu. Er þetta gert til að bregðast við alvarlegum lóðaskorti í Reykjavík. Hafist verði handa nú þegar við undirbúning þessa verkefnis til að Reykjavíkurborg geti uppfyllt þá mikilvægu grunnskyldu gagnvart íbúum sínum að útvega lóðir í samræmi við þörf.

BORGARSTJÓRN 7. febrúar 2017: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagningu sparkvalla við grunnskóla- R17020066

Borgarstjórn samþykkir að haldið verði áfram lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Miðað skal við að vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði. Stefnt skal að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekkinna grunnskóla eigi síðar en árið 2020. Einnig verði hugað að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla.

Herra borgarstjóri, Dagur B Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur,
101 Reykjavík.

**Efni; Erindi sem óskast lagt fyrir Borgarráð Reykjavíkur
um nýjan viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip og uppfyllingu fyrir blandaða byggð
austan Hörpu.**

Undirritaður fer þess hér með á leit við Borgarráð Reykjavíkurborga að hefja viðræður um að austan Hörpu muni ÞOR og Reykjavíkurborg (Reykjavíkurhöfn) gera samstarfssamning um metnaðar fulla uppbyggingu á nýjum viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskip sem afhent yrði borginni og ÞOR fái í staðinn byggingarétt á blandaðri byggð, sem yrði á uppfyllingunni á milli lands og hins nýja viðlegukants.

Undirritaður hefur á undanförunum árum unnið að fasteignapróunar verkefnum hér á landi og erlendis, sem hafa verið unnin af miklum metnaði. . Nokkur af þeim verkefnum hafa verið unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg og má þar nefna, stækkun Kringlunnar og tenging við Borgarleikhúsið, hótelið og landnámssafnið á horni Túngötu og Aðalstrætis ásamt Háskólanum í Reykjavík.

Útfærslan gerir m.a. ráð fyrir því að um sé að ræða greiða gönguleið frá viðlegukantinum í gegnum Hörpureitinn og að byggðin á uppfyllingunni verði í líkingu við vel heppnuð þróunarverkefni í Kaupmannahöfn, Osló og Holenskum hafnarborgunum þar sem íbúar njóti návistar við sjóin.

Lagt er til að gerður verður samningur um fasteignapróunina og uppbygginguna og hann verði til í drögum í lok febrúar.

Reykjavík 31 janúar 2017

Virðingarfyllst,


Ragnar Atli Guðmundsson

Málsnr.: R17020034
Skjalasafn Ráðhúss
20. feb. 2017
Bréfalykill: 6250-1



Borgarfulltrúar í Reykjavík
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 14.2.2017

Efni: Fyrirkomulag sorphirðu í Reykjavíkurborg

Ágætu borgarfulltrúar,

Á síðustu árum hefur orðið hröð þróun í sorpmálum á Íslandi. Nú er svo komið að nokkur öflug fyrirtæki keppa um verkefni á sviði söfnunar, flutnings, flokkunar, förgunar og vinnslu á margskonar úrgangi og endurvinnsluefnum. Þjónustustig hefur aukist og nýsköpun hefur leitt til umhverfisvænni og hagkvæmari lausna.

Ástæður þessarar framþróunar eru eflaust margar en hægt er að fullyrða með nokkurri vissu að útvistun til einkafyrirtækja spilar þar stóran þátt. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á kosti þess að nýta útboð og aðrar leiðir sem ýta undir samkeppni og nýsköpun. Margvísleg dæmi um þetta má meðal annars finna í nýlegri skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna sem gefin var út undir enska heitinu *Competition in the Waste Management Sector – Preparing for a Circular Economy*. Þar kom fram að útboð lækka kostnað við sorphirðu sveitarfélaga að jafnaði um 10-47%. Í skýrslunni er lagt til að markaðslausnir séu notaðar í auknu mæli, upplýsingaflæði bætt og samtal á milli opinberra aðila og einkafyrirtækja aukið.

Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, að Reykjavíkurborg undanskilinni, auglýsa eitt fast sorphirðugjald á hverja íbúð. Þessum gjöldum er ætlað að standa undir kostnaði við losun á grárri tunnu fyrir almennt sorp og blárri tunnu fyrir pappír og pappa¹, ásamt flutningi, eyðingu og hlutdeild í rekstri endurvinnslustöðva. Sorpgjöld og þjónusta í Reykjavík eru töluvert frábrugðin því sem gerist í hinum sveitarfélögum, meðal annars vegna hvatakerfa sem ætlað er að hvetja til aukinnar flokkunar. Slíkir hvatar eru vissulega til fyrirmyndar en gera samanburð við önnur sveitarfélög flóknari. Sem dæmi býður Reykjavíkurborg upp á minni gráa tunnu fyrir lægra gjald. Á móti kostar meira að hafa stærri ílát og ílát sem eru staðsett lengra en 15 metra frá götu. Að auki rukkar Reykjavík fyrir poka, aukalosanir og umsýslugjald fyrir breytta þjónustu. Einnig greiða heimili í borginni sérstakt gjald vegna hlutdeildar Reykjavíkurborgar í kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva. Heimili í Reykjavík eru ekki skylduð til að hafa tunnur fyrir endurvinnsluefni og greiða fyrir þær sérstaklega.

Í Reykjavík líður tveimur dögum lengra á milli losana á grárri tunnu en að meðaltali í öðrum sveitarfélögum, en tveimur dögum skemmra á milli losana á blárri tunnu.

Á næstu síðu má sjá töflu með samanburði á sorpgjöldum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2017. Taflan sýnir fjórar mismunandi útfærslur á sorpgjöldum fyrir Reykjavík. Í þremur tilvikum

¹ Kópavogsbær leyfir einnig plast í bláa tunnu.

reyndust sorpgjöld í borginni vera á bilinu 30% til 95% hærrí en í hinum sveitarfélögum. Í einu tilviki, þar sem miðað er við að heimili sé með minni gráa tunnu og sleppi blárrí endurvinnslutunnu, reyndist gjaldið vera 4% lægra en hjá hinum sveitarfélögum.

Sveitarfélag	Sorpgjöld 2017 (kr)	Losunartíðni (dagar)	
		Grá tunna	Blá tunna
Reykjavík			
240L grá tunna + 240L blá tunna, > 15 m	52.940	14	21
240L grá tunna + 240L blá tunna	45.540	14	21
120L grá tunna + 240L blá tunna	35.440	14	21
120L spartunna, engin blá tunna	26.040	14	-
Garðabær	23.800	10	20
Hafnarfjörður	34.000	14	28
Mosfellsbær	26.100	10	21
Kópavogur	28.300	14	16
Seltjarnarnes	23.800	14	28
Meðaltal án Reykjavíkur	27.200	12,4	22,6

Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hefur boðið út sorphirðu frá heimilum. Miðað við ofangreindar tölur og skýrslu samkeppniseftirlitanna er augljóst að mögulegur ávinningur borgarinnar af því að nýta samkeppnisútboð er mikill.

Til að fylgja skýrslu samkeppniseftirlitanna eftir leggur undirritaður hér með til að borgarfulltrúar, Samkeppniseftirlitið og fulltrúar fyrirtækja í atvinnugreininni hittist og fari yfir stefnu Reykjavíkurborgar og tækifæri til að auka hagkvæmni í sorphirðu í Reykjavík.

Með vinsemd og virðingu,




Haukur Björnsson
Forstjóri Íslenska gámafélagsins

Rafrænt afrit:

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins
Sigríður Laufey Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Kubbs ehf.
Gunnar Bragason, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf.
Sigmar Eðvardsson, framkvæmdastjóri HP Gáma / Hópsnes

Borgarráð Reykjavíkur
Vonarstræti
101 Reykjavík



Kópavogi, 16. febrúar 2017

Undirrituð eigendur byggingarréttar að Iðunnarbrunni 13 sækja hér með um niðurfellingu viðbótargatnagerðargjalda vegna lóðarinnar að Iðunnarbrunni 13 í Úlfarsárdal, ellegar rýmkun byggingarheimilda á lóðinni til samræmis við aðrar lóðir sem Reykjavíkurborg er með til sölu í hverfinu (og í götunni). Það er von undirritaðra að það auðveldi sölu á lóðinni jafnframt því sem það styður við áform borgarinnar um uppbyggingu og þéttingu hverfisins.

Teikningar fyrir einbýlishús á lóðinni við Iðunnarbrunn 13 hafa verið til frá árinu 2008 og byggingarrétturinn ásamt teikningum verið til sölu í um 9 ár. Á sama tíma hefur Reykjavíkurborg haft einbýlishúsalóðir til sölu í hverfinu sem hafa rýmri byggingarheimildir en eru á lóð undirritaðra. Sem dæmi má nefna að á einbýlishúsalóðum beggja vegna við lóð undirritaðra (Iðunnarbrunnur 11 og 15) hafa byggingarheimildir verið rýmkaðar úr 210 fm í 280 fermetra á meðan byggingarheimildir á lóð undirritaðra hafa staðið í stað í 210 fm. Það þýðir að þeir sem festa kaup á lóð í eigu Reykjavíkurborgar (t.d. Iðunnarbrunn nr. 11 eða 15) geta byggt allt að 280 fm. hús án viðbótargatnagerðargjalda. Áhugasamir kaupendur að lóð undirritaðra standa hins vegar frammi fyrir því að greiða viðbótargatnagerðargjald fyrir hvern fermetra umfram 210 fm. Ef miðað er við gjaldskrá gatnagerðargjalda fyrir febrúar 2017, og 280 fm einbýlishús, má reikna kostnaðarauka fyrir Iðunnarbrunn 13 upp á rúmar 2,1 milljón króna. Ætla má að kostnaður borgarinnar vegna gatnagerðar og viðhalds gatna sé sambærilegur fyrir hús af sambærilegri stærð í sama hverfi - og í sömu götu. Það gildir því ekki jafnræði meðal byggingarréttarhafa/lóðareigenda í götunni enda engin málefnaleg rök fyrir þessum mismun.

Þess má einnig geta að sl. ár hefur borgin veitt ýmsar ívilnanir sem fela í sér aukinn íbúafjölda og byggingarmagn til byggingaraðila í hverfinu og til kaupenda að lóðum sem borgin hefur verið með í sölu. Vísast þar m.a. til 19 breytinga í skipulagssjá er hafa þýtt fjölgun íbúða á byggingarreitum í nágrenni við byggingarreit undirritaðra. Um er að ræða bæði fjölgun íbúða sem og hækkun húsa, þ.m.t. fyrir framan Iðunnarbrunn 13. Samkvæmt grófri talningu hefur íbúðum fjölgað um u.þ.b. 65, en auk þess hafa ýmsar aðrar breytingar verið heimilaðar í hverfinu.

Undirrituð sendu sjálf erindi til Borgarráðs með beiðni um heimild til byggingar tvíbýlishúss á Iðunnarbrunni 13 í október árið 2015. Samkvæmt svarbréfi skipulagsfulltrúa dagsett 20.11.2015, var þeirri beiðni vísað inn í svo kallaða heildarendurskoðun aðalskipulags hverfisins. Þar sem þeirri endurskoðun er enn ekki lokið hefur enn ekki fengist niðurstaða í það mál, nú að 15 mánuðum liðnum. Að auki hafa ekki fengist skýrar upplýsingar um hvenær sér fyrir endann á endurskoðuninni og tímasetningar stöðugt færst fram í tíma frá því í október 2015– nú að því virðist miðað við mars 2017. Er því um að ræða að minnsta kosti 1 og ½ árs biðtíma frá því beiðni undirritaðra var lögð fram. Samtímis þessari biðstöðu sem undirrituð eru sett í, hefur einnig skapast aukin óvissa um það hvers konar aukið framboð af lóðum verði sett á markað af hálfu Reykjavíkurborgar við lok endurskoðunarinnar, sem og óvissa um það á hvaða verði þær lóðir verða seldar. Hafa ber í huga að Reykjavíkurborg er í samkeppni við undirrituð (og hefur sú samkeppni staðið í um 9 ár). Undirrituðum er því haldið í fullkominni óvissu á meðan borgin breytir heimildum á eigin lóðum og í framhaldi óvissan í raun aukin enn frekar með skipulagningu borgarinnar á auknu framboði á lóðum í hverfinu við sk. heildarendurskoðun hverfisins.

Svo virðist sem fyrst og fremst hafi selst einbýlishúsalóðir í eigu Reykjavíkurborgar sl. 9 ár. Það má eflaust rekja til þeirra ívilnana sem borgin beitir gagnvart lóðum sem hún er sjálf með í sölu í hverfinu, s.s. eins og með rýmkun byggingarheimilda úr 210 í 280 fermetra á eigin lóðum, en

einnig vegna annarra ívilnana, s.s. eins og fjölgun íbúða á öðrum byggingarreitum, á meðan sambærileg beiðni af hálfu undirritaðra um breytingar er sett inn í heildarendurskoðun hverfisins er hefur þegar tekið 15 mánuði. Almenn tregða í sölu einbýlishúsalóða í hverfinu sýnir að auki ótvírætt fram á litla ásókn í einbýlishúsalóðir. Það hlýtur því að vera hagur borgarinnar (sem og íbúa hverfisins) að nýta öll ráð til að losa um þann flöskuháls sem hefur skapast fyrir uppbyggingu hverfisins og liðka einnig til fyrir sölu á lóðum í eignum eigu fjölskyldna sem hafa verið í gíslingu með lóðir til fjölda ára. Þannig gæti þétting byggðar í Úlfarsárdal náð fram að ganga en markmiðið væri að koma í veg fyrir að útaf standi óbyggðir reitir inni í hverfum til margra ára. Slíkt skapar mikið óhagræði fyrir alla hagaðila; borgina, íbúa og byggingarréttarhafa.

Varðandi heimildir til niðurfellingar gatnagerðargjalda vísast hér með í lög um gatnagerðargjöld <http://www.althingi.is/altext/stjt/2006.153.html> en þar kemur fram í 6. gr. eftirfarandi: „Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.“ Að auki vísast í 9 gr. Samþykktar Reykjavíkurborgar um gatnagerðargjald nr. 725/2007 þar sem koma fram eftirfarandi heimildir „Borgarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald á einstökum lóðum við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar og eftirspurnar á leigu“. Sjá nánar hér http://reykjavik.is/sites/default/files/samthykkt_um_gatnagerdargjald.pdf.

Í ljósi ofangreinds fara undirrituð því hér með fram á að felld verði niður viðbótargatnagerðargjöld að Iðunnarbrunni 13, sbr. sérstakar lækkunarheimildir í samþykktum um gatnagerðargjöld (miðað verði við fyrirbyggjandi teikningar frá árinu 2008) eða að lágmarki verði komið á samræmi við rýmri byggingarheimildir á lóðum sem Reykjavíkurborg er með til sölu í hverfinu. Meginmarkmið niðurfellingar gatnagerðargjalda eða samræmisáðgerða væri að losa um þann flöskuháls sem hefur skapast varðandi sölu á lóðinni og almennt liðka til fyrir varðandi uppbyggingu og þéttingu hverfisins og samtímis tryggja samræmi og jafnræði í skilmálum og heimildum milli undirritaðra byggingarréttarhafa og borgarinnar.

Með von um skjóta afgreiðslu og skýr svör,


Arney Einarsdóttir Kt: 080662-3949


Gísli Gíslason Kt: 120263-3319

PS: Afrit sent í tölvupósti til Dags Eggertssonar borgarstjóra og Hjálmars Sveinssonar, formanns skipulagsráðs og til annarra borgarráðsfulltrúa.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 16.02.2017
1702002 SB

Efni: Breyting á aðalskipulagi, Elliðaárdalur - hjólastígur

Á 74. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 10. febrúar 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar.

Skipulagsverkefnið felst í að breyta útfærslu hjólastígs í Elliðaárdal. Ætlunin er að nýta svæði sem nú þjónar sem reiðstígur. Reiðstígurinn þjónaði áður því hlutverki að tengja hesthúsabyggð við Sprengisand.

Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040 leggur fram stefnu um bæði stofnstíga hjólreiða (markmið 2.3) og einnig reiðstíga (markmið 4.1). Hjólastígur í Elliðaárdal kemur fram á korti 3 og endurbætur á stígunum eru í góðu samræmi við þá stefnu. Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að hesthúsahverfi séu tengd samfelldu reiðstíganeti milli sveitarfélaga. Það gengur því ekki á stefnu svæðisskipulagsins að Reykjavíkurborg felli út reiðstíg í Elliðaárdal.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytingun ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell A. Proppé
svæðisskipulagsstjóri